

Pekka Ervast

FRAMTÍÐAR ✧ ✧

TRÚARBRÖGÐ

HUGLEIÐINGAR OG REYNZLA



AKUREYRI

KOSTNAÐARMADUR ODDUR BJÖRNSSON

PEKKA ERVAST:

FRAMTÍÐARTRÚARBRÖGÐ

FRAMTÍÐARTRÚBRÖGÐ

HUOLEIÐINGAR OG REYNZLA

EPTIR

PEKKA ERVAST

ÞÝDD AF

ÓLAFI DAVIÐSSYNI



AKUREYRI

KOSTNAÐARMAÐUR ODDUR BJÖRNSSON

AKUREYRI
PRENTARI ODDUR BJÖRNSSON
1903

Digital 2006

»Heimspekin er vitundin, sern skilur sjálfa sig og alt, sem í henni er. Nú getur vitundin haft í se'r nýtt líf, sannreynd endurfæðingarinnar og frelsunarinnar...«

»Trúarbrögðin eru það fyrir mig að lifa og deyja í guði, algefinn undir hinn heilaga vilja, seni liggur til grundvallar fyrir náttárunni og forlögnum.«

»Ætli að hreinsuð trú geti sigrað algengu trúna? Vér skulum treysta því, að framtíðin verði betri, en nútíðin er.«

AMIEL („En drömmares dagbok“*)



* Þ. e. „Dagbók draumamanns“.


EFNISYFIRLIT



	Bls.
Framtíðartrúarbrögð.....	9
I. Gamla trúin	13
II. Trúarþörfin	23
III. Nýja trúin.....	
33	
í næturkyrðinni	
48	
Bréf til námsfélaga	56
Ljós úr austri.....	
73	
Tveir framtíðarmenn.....	91
I. Jesús.....	93
II. Búddha.....	101
Prfr vegir	112
Ríkiserfinginn	
123	







FRAMTÍÐARTRÚARBRÖGÐ

Þegar trúarbrögð framtíðarinnar koma í ljós, verða þau engin ný trúarbrögð. Ekkert nýtt trúarbragðakerfi mun bætast við þann fjölda, sem þegar er til, heldur munu trúarbrögð ókomna tímans vaxa upp, eins og jurt úr jarðvegi þeim, sem gömlu trúarbrögðin hafa myndað, og þau munu eflast og þroskast, þangað til þau ná yfir og fela í sér allt hið æðsta og bezta, sem mannkynið hefir hugsað um og dreymt um í trúarlega átt um allan aldanna órayeg. Þau munu ekki birta nein ný, markverð sann-

indi, en vér munum koma auga á hina einu og eilífu opinberun sannleikans sjálfs, sem er mergurinn málsins í öllum trúarbrögðum.

Samt hlýtur trúarbrögðum framtíðarinnar að lenda saman við gömlu trúarbrögðin í byrjuninni. Lífið hefir fjarað frá þeim, og þegar lífstraumurinn brýst fram aftur, hlýtur hann að ryðja sér nýjar brautir, því að gömlu farvegirnir eru krókóttir og skörðóttir.

Hvað er það, sem við heimtum af trúarbrögðunum? Er það að eins huggun í hörmum vorum, styrkur í þjáningum vorum, hugrekki til þess að halda að hinum miklu, ókunnu leikslokum, dauðanum? Ætlumst vér að eins til þess, að þau ráði fyrir okkur fram úr hinu mikla vandamáli um sárindi þau, sem samfara eru tilverunni, með því að benda okkur á eilífa gleði eptir dauðann? Nei, vér ætlumst ekki til þess af trúarbrögðunum, að þau fái okkur trú, svo að oss verði hægra að deyja, heldur ætlumst vér til þess, og það heimtum


vér, að þau fái oss hugsjón til þess að berjast fyrir, takmark til þess að keppa eptir, og að þau skýri fyrir oss tilganginn með lífinu.

Aðalgallinn á trúarbrögðum nútíðarinnar er sá, að þau hafa lækkað seglin, og fást í raun rétttri ekki 'við annað en að hugga í harmkvælum þeim, er lífið hefir í för með sér. Menn ætla alment, að þeir geti ekki vitað neitt um lífið í sjálfu sér, að daglegt líf sé, eins og það er nú einu sinni með skyldum þess, gleði þess og hörmum þess, en að lífið í sjálfu sér, sjálf tilveran, hljóti ávalt að verða óráðin gáta eða leyndardómur, og þessi skoðun á rót sína að rekja til trúarbragðanna.

Þetta er stórkostlegur galli, því að trúarbrögðin ættu einmitt að kenna oss, hvað lífið er. Vér höfum rétt til þess að heimta það af þeim. Trúarbrögðin sjálf veita oss þessi réttindi, og ef þessi réttindi ættu sér ekki stað, þá væru öll trúarbrögð þýðingarlaus. Þá þyrfti þeirra ekki.

Bezt er að rannsaka málið. Vér skulum líta á, hvað það er, sem trúarbrögðin þykjast veita oss. Vér skulum rannsaka, hvað þau veita oss í raun og veru, og loksins skulum vér rannsaka eðli tfúarþarfar vorrar.





I. GAMLA TRÚIN

Pó að svörin gegn fyrstu spurningu vorri hljóti að verða mörg og margvísleg, þegar hún er borin upp fyrir þeim, sem trúaðir eru, þó að menn hafi beitt miklum lærdómi til þess að skýra hugmyndina: trúarbrögð seint og snemma, þá er eitt þó áreiðanlegt og óhagganlegt: trúarbrögðin vilja, og hafa ávalt viljað leiða í ljós sannleikann um tilveru mannkynsins.

Trúarbrögðin lofa að ráða gátu lífsins. Öll trúarbrögð hafa ávalt þóttst geta svarað þessum spurningum: Hvern tilgang hefir líf vort? Hverninn á að lifa? Og til hvers ættu trúarbrögðin að vera til, ef það væri ekki til þess að fræða mannkynið um þau efni, sem það getur ekki fengið fræðslu um á

annan hátt? Þau hafa færst í fang að ráða fram úr hinum æðstu og erfiðustu úrlausnarefnum. Þau hafa haldið út um allan heiminn sigri hrósandi, og hrópað til allra óttasleginna og sannleiksþyrstra sálna: Svona er úrlausnin.

Kristna kirkjan hefir líka staðhæft, svo öldum skiptir, að hún flytti sannleikann um tilveru mannkynsins, og hún gerir það enn í dag. Hvað getur það þá verið í fari hennar, sem fullnægir ekki lengur kröfum vorum, heldur veldur því, að fleiri og fleiri hverfa frá hinum gömlu trúarskoðunum sínum? Hver veit nema allir hverfi einhvern tímann frá kristnu kirkjunni, eins og fiðrildið, sem ekki er lengur maður, hverfur úr hýði sínu, þegar því eru vaxnir vængir.

Samkvæmt kenningu kirkjunnar telst það fyrst og fremst til trúarbragðanna, að menn trúi því, að guð sé þríeinn, að Kristur hafi gerst maður, og verið krossfestur, að fyrirgefning syndanna stafi af þessum friðþægingardauða o. s. frv. Þeir, sem trúa þessu, komast smám saman í samband við guð

eða föður, son og anda helgan með sjálfum sér. Guð réttlætir líka þá, sem trúa þessu, og nemur af þeim alla syndabyrði. Þetta mætti nefna hina frumeðlislegu hlið trúarbragðanna.

Annar aðalþátturinn í trúarbrögðunum er sérstök breytni, sem á að fara eftir föstum reglum. Þetta er hin siðfræðislega hlið trúarbragðanna, og breytnin er kölluð kristilegt siðgæði. Til þess á að telja, eða svo segir að minnsta kosti almenningsálitið: kirkjuggöngu, skírn, fermingu, altarisgöngu, þrestsvígslu, þegar menn gifta sig, og athöfn þrestsins, þegar menn eru jarðsettir. Til kristinnar siðfræði teljast enn fremur hin tíu boðorð, sem guð lét Móse birta Gyðingapjóð, og svo ýmsar skýringar og útlistanir, sem málsmetandi forvígismenn kirkjunnar hafa látið eftir sig liggja, bæði fyr og seinna.

Þegar menn fara nú að rannsaka málið, þá verður þeim fyrst litið á, hve stórkostlegur munur er orðinn á frumeðlisspekinni og siðfræðinni eða á trúnni og lífinu. Hvað

kemur kenningin um þrenningu guðs eða friðþægingardauða Krists við hinum tífl boðorðum? Þótt menn könnuðust við, að skírn, altarisganga o. s. frv. stæðu í einhverju sambandi við trúna á Krist, þá er samt ómöglegt að skilja í því, hvað sameiginlegt er með þessari trú og daglegu lífi, en um það eru ýmsar siðfræðislegar reglur í boðorðunum og trúarfræðinni. Einmitt þetta, að menn hafa neyðst til þess að búa til sérstakar siðfræðisreglur til þess að lifa eftir, sýnir ljóslega, að trúin hefir ekki verið einhlít til þess að leysa úr lífsgátunni.

Hinn mikli munur, sem hefir verið gerður á trú og líferni, sést enn ljósara á öðru atviki, sem þeir taka skjótt eftir, sem fjalla um þessi efni, og þetta atvik stendur í sambandi við muninn. Trúargreinunum hefir verið skipað niður mjög nákvæmlega. Mennt hafa ákveðið mjög smásmuglega, hverju kristnir menn eiga að trúa, og hverju þeir eiga ekki að trúa. Mennt hafa jafnvel lýst því, hverninn þessi trú þróast, hvar hún byrjar, og hvar hún endar. Hafa

menn nú farið eins að, að því er snertir lífernið? Þess verður að gæta, að vér sáum, að lífernið leiðir ekki beinlínis af trúnni, þar sem menn töldu sig neyddu til þess að setja fram fjölda af sérstökum reglum fyrir því, svo sem skírn, altarisgöngu, fermingu og því um líkt Hvað hafa menn þá látið hugmyndirnar líf og líferni ná yfir *i raun réttri?*

Vér skulum alveg hugsa oss utan við hið daglega líf, sem vér tökum þátt í. Vér skulum ekki taka tillit til þess, að vér erum fullorðnir menn, sem freistingar heimsins hafa sigrað, menn, sem hafa ánægju af veraldlegum glaðværðum. Vér skulum gleyma því, að þetta heimslíf, ef svo má segja, þetta gleðilíf og harmalíf, þetta sigurlíf og ósigurslíf, þetta líf, þar sem hver tilfinningin og hver hugrenningin rekur aðra án afláts, hefir töfrað. oss svo, að oss grunar hvorki um neitt annað líf, né getum hugsað oss annað fyrirkomulag á þessu lífi, heldur huggum vér oss, þegar um hægist fyrir oss, við þá trú, að öllu sé lokið, þegar lífið

þrýtur, eða að hið verulega líf byrji fyrst hinumegin grafarinnar. Vér skulum gleyma því, að skyldur lífsins hafa hemil á oss, og að vér höfum gagn af því, að trúarbrögðin sýni, að nauðsyn er á sérstökum siðferðislegum takmörkum, sem vér megum ekki fara yfir, heldur verðum að haga breytni vorri eptir. Vér skulum sleppa öllu þessu, og hugsa oss heldur trúrækinn ungling, sem ann sannleikanum, sem ekki þekkir lífið, en er í aðsigi með að hleypa sér út í það.

Hann leggur eflaust þá spurning fyrir sig, sem allir djúprænir menn leggja fyrir sig, en hún er þessi: Hvað er lífið, og hverninn á eg að lifa? Án efa leitar unglingurinn svarsins, þar sem hugboð hans segir honum, að hann muni finna það: í trúarbrögðunum. Hvað segir þá sú trú honum, sem honum hefir verið innrætt frá barnæsku? Quð skapaði manninn, og hinir fyrstu foreldrar vorir gerðust syndugir í aldingarðinum Paradís. Þú ert kominn af þeim. Þessvegna hvílir synd hinna fyrstu

manna á þér, og þú ættir skilið eilífan dauða, hefði algóður guð ekki afmáð sekt þína með píslardauða sínum á krossinum. Nú er þér borgið, og þú þarft ekki annað en að trúna til þess að öðlast eilíft líf í staðinn fyrir eilífan dauða.

Unglingurinn verður forviða. Hann stendur við hlið lífsins, en svarið upp á spurningu hans kemur úr gröfinni. Hann lifir, og spyr, hvað lífið sé, én honum er bent til þess að trúna, svo að hann deyi ekki.

Jæja, hugsar hann með sjálfum sér, en eg sé, að tóm trú fyllir ekki upp þetta líkamlega líf. Ekki tjáir, að eg einbindi mig við trúna. Eg verð eflaust að gera eitthvað líka, en hvað?

Farðu í kirkju, vertu til altaris, myrtu ekki, steldu ekki, drýgðu ekki hórdóm o. s. frv.

Unglinginn furðar enn þá meir en áður, og óhug slær á hann. Hann kemst að raunum, að þessi kenning ristir ekki djúpt, þessi kenning, sem snýr sér að mönnum, sem eru farnir að taka þátt í margbreytni lífsins, en ekki að honum, sem enn er ekki

kominn út í lífið. Hann kemst að raun um, að þessi kenning fær honum ekkert háleitt, göfugt og fagurt takmark til þess að keppa að í lífinu, þó að hún láti í té nákvæmar reglur um viss atvik í kristilegri breytni, bg þó að hún ræði um frelsun og eilífa sáluhjálp.

Hvað á unglingurinn nú að gera? Á hann að varpa sér inn í ólgustraum lífsins hugsunarlaust, eins og flestir menn höfðu gert á undan honum, og reyna til þess að finna þar úrlausn á gátunni, úrlausnina, sem hann bjóst við hjá trú sinni, en fékk ekki, eða ætli hann hafi hugrekki til þess að leita svarsins innra hjá sjálfum sér? Ætli hann geti það?

Að vísu er ein kenning kristnu trúarbragðanna, eins og kirkjan prédikar þau, fær um að fylla upp lífið, en það er þessi kenning Krists: Elska skaltu guð yfir alla hluti fram og náunga þinn eins og sjálfan þig, en þessi kenning hefir ekki gagntekið kristlegt líf-erni, sem skyldi. Hún hefir ekki orðið aðal-kenning kristilegra trúarbragða, og er auð-


velt að finna orsökina. Hún er fólgin í frum-
eðlissniði trúarbragðanna sjálfra.

Kirkju trúin leggur enga rækt við þetta líf. Þótt hún prédiki ást til annara manna, þá gerir hún það á daufan og sljólegan *i* hátt, svo að þeir, sem á heyra, fá ekki neina djúpa sannfæringu um, hve þessi ást sé þýðingarmikil og þung á metunum, og þetta leiðir blátt áfram af því, að hún kemur að eins fram svo sem viðbætur við trúna samkvæmt þessum trúarbrögðum. Trú kirkjunnar er ekki trú um þetta líf, heldur trú á annað líf. Þetta líf er að eins undirbúningur undir eilíft líf, sem tekur við hinumegin grafarinnar. Þetta líf er „eymdardalur“, en eilíft líf er hið eina sanna líf. Ást hér í lífi er þýðingarlaus í sjálfri sér. Hún er að eins eitt af aukaskilyrðunum fyrir sælu í öðru lífi. Hvað er eðlilegra, en að þessi kenning leiði til þess, að ástin missi hið bindandi afl sitt, þó að hún missi ekki alveg töframátt sinn. Tilgangur lífsins er eilíf sæla, sem er í vændum eptir dauðann, og eins og eðlilegt er, kosta trúaðir menn kapps

um, að ná þessu takmarki, en annars á sannarlega ekki vel við að tala um tilgang með *lífinu* í þessu sambandi. Þar sem rétt trú er fyrsta skilyrðið fyrir því að komast að þessu takmarki, verður trúin aðalþátturinn í trúarbrögðum kristinna manna, og öll aukaskilyrði eru annaðhvort látin alveg sitja á hakanum, eða þá að menn sinna þeim með lítilli alvöru og lítilli lífsgleði. Öll trúarleg sannfæring hverfur úr lífinu, og menn þvælast annaðhvort mókandi í gegnum það, eða kasta sér út í lífsiðuna, til þess að skarkalinn og óróinn, sem lífið hefir í för með sér, svæfi þá.

Svona leikur gamla trúin á oss, þó að hún lofi mörgu fögru. Hún ræður ekki gátu tilverunnar fyrir oss. Hún bætir ekki úr því, sem oss ríður mest á í svipinn. Vér reikum í jafnsvörtu myrkri og áður, því að vér fundum ekki birtu þá, sem vér héldum, að vér mundum finna. Hvað eru þá trúarbrögðin? eru til nokkur trúarbrögð, sem lífið þarf á að halda?





II. TRÚARÞÖRFIN

Enn þá ljósara kemur hið sanna ætlunarverk trúarbragðanna fram, þegar eðli trúarþarfarinnar er rannsakað, því að þetta eðli heimtar ósjálfrátt úrlausn á gátu lífsins.

Þær verur, sem standa næst oss mönnum, þeirra, sem vér sjáum umhverfis oss, eru dýrin. Lífsskilyrði vor og þeirra eru svo svipuð, að þegar dýrafræðingarnir hafa verið að flokka dýrin niður, þá hafa þeir ekki enn fundið heppilegra sæti handa sjálfum sér og oss en efsta sess meðal spendýranna. Þegar því við mennirnir þurfum að rannsaka eitthvað málefni, sem snertir beinlínis líf sjálfra vor, þá er alveg eðlilegt, að vér hyggjum að, hvort bræður vorir, dýrin, kunni ekki að geta frætt oss eitthvað um þetta mál.

Hverninn er nú ástatt með dýrin og trúarbrögðin? Er nokkuð það í sálarlífi dýranna, sem bendi á trúarbrögð eða trúarlíf? Svareð liggur beint víð, því að oss kemur öllum saman um, að dýrin þekki ekkert til trúarbragða, að aldrei bregði fyrir hjá þeim trúarþrá, trúarofsa né trúarlegum fjálgleik,

Af þessu getum vér ráðið, að í þessu tiliti beri maðurinn af dýrunum, eða sé ólíkur þeim að minnsta kosti. Nú vita menn frá fornu fari, að það, sem auðkennir manninn, það, sem greinir hann áreiðanlega frá dýrunum, er skynsemin *. Það er því ljóst, að trúarþörfin, sem er einkennileg fyrir manninn, hlýtur að standa í nánú sambandi við skynsemi hans.

* Orðið „maður” er upprunalega komið af rótinni „man”, sem er sanskrít, og þýðir að hugsa. Skynsemin er „manas” á sanskrít, en maðurinn „manas-hya”. Latneska orðið „mens” er komið af „manas”, og þýðir hugur. Sama er að segja um enska orðið „mind”. Af þessu er auðsætt að forn-Aríar hafa vitað, hvílíkt nafn „homo sapiens” hlaut hjá þeini. (Homo sapiens er nafn dýrafræðinga á manninum, og þýðir skynsamur eða skynsemi gæddur maður.)

Hvað er mannleg skynsemi í raun réttir? Ekki má blanda henni saman við reynzluhyggindi, því að dýrin sýna Oft furðumikil hyggindi og snarræði. Mannleg skynsemi er ekki heldur fólgin í því, að mennirnir kurina að tala, að þeir hafa félagsfýsn og fegurðarskyn, því að dýrin eru gædd öllum þessum hæfileikum, þó að á lægra stigi sé en hjá mönnunum. Þau geta gert sig skiljanleg hvort fyrir öðru á sinn hátt, og þau skípa sér í félög og ríki, sem stundum eiga jafnvel í ófriði saman. Hjá sumum fuglategundum velja kvenfuglarnir bersýnilega úr fallegasta og glæsilegasta karlfuglinn.

Mannleg skynsemi er eitthvað æðra en alt þetta. Hún lætur sér ekki nægja með það, sem ber fyrir skilningarvitin, með afleiðingarnar einar, heldur hefur hún sig upp í heim orsakanna. Skynsemin tekur ekki að eins eptir, heldur hugsar hún líka. Skynsemin færir ekki sönnur á hlutina, heldur spýr hún. Því er þetta svona og svona, hver orsök er til þessa? — Þetta eru einkunnarorð skynseminnar. Einkenni skynseminnar

eru að spyrja, að vilja skilja, að heimta þekkingu.

Hverninn kemur nú þessi skynsemi fram í daglegu lífi? Fyrst og fremst í því, að mennirnir hafa óviðráðarilega hvöt til þess að skilja alt, sem þeir verða varir við. Það sem menn skilja ekki, verður þeim til kvalar. Þeir rísa öndverðir á móti því, og þeim hættir til þess að kalla það ósatt eða jafnvel tóman hugarburð. Aftur er mönnum ávalt sönn ánægja að því að geta mælt fram þessum smáorðum: Nú skil eg, því að þá hefir skynsemin, manneðlið, fengið vilja sinn.

Kröfur skynseminnar koma líka alveg sérstaklega fram í því, sem menn kalla vísindahvöt og heimspekishvöt. Vísindahvötin er löngun mannanna til þess að skilja lög þau, sem alt er bundið við, sem skilningarvitin geta skynjað. Menn taka ekki að eins eptir hlutunum, og safna reynzlufjársgjóðum, heldur flokka menn það, sem þeir hafa tekið eptir, og leitast við að komast eptir orsökunum, sem opt eru huldar, en þessar orsakir eru nefndar lög. Heimspekishvöt mann-

anna er aptur löngun þeirra til þess að brjóta heilann og hugsa ekki einungis um það, sem reynzlan hefir kent þeim, heldur og um það, sem þeir vita ekki. Þetta má líka setja fram með öðrum orðum. Mennirnir fika sig áfram frá því, sem þeir þekkja, til þess, sem þeir þekkja ekki, með rökréttum hugsunum, svo að þeir geti á þennan hátt fundið og skilið hin efstu og dýpstu lög, sem *alt* lýtur.

Mannleg skynsemi kemur þó dýpst og flýst fram í því, sem nú er um að ræða.

Sköpunarverkinu er hagað svo til, að maðurinn hefir ákveðna stöðu í alheiminum, eins og hver önnur vera. Hann er einstaklingur í heilum heim lifandi vera, hluti af ómæligri heild, vitundareining innanum margar þúsundir annara vitundareininga, ef tala má á heimspekismáli. Forlögin eða nauðsynin neyða mennina til þess að lifa, og þeir verða að hafa einhver ráð til þess að geta áttað sig í og á lífinu.

Skynsemin knýr þá til þess að hugsa um, hverninn þeir eru settir. Hversvegna er eg til? hugsar maðurinn. Í hverju hlutfalli stend

eg við alt annað umhverfis mig, og hvert er ætlunarverk mitt? Menn spyrja sig ekki um þetta af vísindalegri forvitni né heimspekislegri ákefð, heldur af því, að lífið rekur á eptir þeim, og að þeir geta ekki breýtt öðruvísi.

Nú geta hvorki vísindin né heimspekin svarað mannum því, sem hann spyr að. Hvers vegna ekki?

Þetta kemur af því, að maðurinn vill fá vitneskju um lífið, en slíka þekkingu eiga hvorki vísindin né heimspekin í eigu sinni. Vísindin vona reyndar, að einhverntímann reki að því, að þau hafi rannsakað alt, og þá viti þau alt. Aptur fer heimspekin fram á að geta myndað sér skoðun um heildina af því, sem þegar hefir verið rannsakað, og menn þekkja, en hún kannast sjálf við, að ályktanir hennar séu ekki óskeikular, og að sér geti yfirsést.

En maðurinn getur ekki l'átið sér nægja með slík svör. Hann heimtar ekki heimspekislegar fræðikenningar, og honum er ekki nóg, þótt mannkynið geti, ef til vill, ráðið gátuna á vísindalegan hátt einhvern

tímann á ókomnum öldum. Hann ber svo mikla virðingu fyrir sjálfum sér, að hann telur sig til mannkynsins, og hann fær ekki séð, hvers vegna hann og aðra menn, svo miljónum skiptir, á að hungra eptir þekkingu, tii þess að aðrir menn'komist að sannleikanum seinna, ef það ætti annars að liggja fyrir mannkyninu. Já, og þó að þessi maður, sem um er að ræða, og helmingurinn af mannkyninu með honum ætti alls engan kost á að öðlast þessa þekkingu, þá mundi hann taka *vissuna* um ógæfu sína fram yfir það að lifa ávalt í óvissu, og þá væri gátan ráðin á neikvæðan hátt.

Því að maðurinn vill fræðast þegar í stað.

Það er eins og þegar reikningsdæmi er lagt fyrir pilt í skóla. Hann hefir lítið gagn af því, þó að hann viti, hverninn á að skrifa tölur, eða þó að hann fari að leggjast djúpt og hugsa um, hverninn á að reikna dæmi yfirleitt. Það, sem hann þarf nauðsynlega á að halda í svipinn, er þekking á því, hverninn á að reikna einmitt þetta dæmi.

Það er heldur ekki nóg fyrir manninn, þegar hann fer að hugsa alvarlega um lífið

sjálft, þó að hann rannsaki: alls konar smá-
muni eptir vísindalegum mælikvarða, eða
þó að hann lendi í heimspekislegum hug-
leiðingum um ýms og ólík hlutföll, sem
hann kunni að standa í við umheiminn.
Það, sem honum ríður á, er að geta fehgið
handhæga úrlausn á lífsgátunni sjálfri. Hann
þarf ekki að eins að fullnægja hugsuninni,
heldur líka viljanum. Hér er ekki að eins
að ræða um, hvað maðurinn eigi að hugsa
um lífið, heldur líka, hvað manningnum eigi
að verða úr lífinu.

Þetta er nú einhver hin öflugasta hvöt
hjá manningnum, trúarhvötin, og af því, sem
þegar hefir verið sagt, sést, að hún á líka
rót sína að rekja til mannlegrar skynsemi.

Vera má, að öllum líki ekki þessi skiln-
ingur á trúarþörfinni. Orsökina til þess liggur
þó ekki í skilningnum sjálfum, því að hann
er eflaust réttur, heldur í því, að trúartil-
finningin, ef svo má segja, er óljós hjá flest-
um mönnum.

Þar, sem talað var um gömlu trúna, kom
það í ljós, að trúarbrögðin gera ráð fyrir
því, að menn hafi þörf á þekkingu um lífið,

Því að þau þykjast geta skýrt, hverja þýðingu það hafi. Þetta láta flestir menn sér nægja, og hrinda frá sér öllum skynsamlegum trúartilfinningum, eins og þær væru óþarfar og jafnvel háskalegar efasemdir. Þeim verður aldrei ljóst, að trúarþörf þeirra felur í sér í raun rétttri kröfu um að *vita*, hvað lífið er, en enga kröfu um að *trúa* á einhverja kenningu um það, hve sönn, sem hún kynni annars að vera, og svona ráfa þeir í sífeldu rökkri, eins og sofandi menn, sem ekki geta notið dagsbirtunnar, og þeir vita ekki fremur en sofandi menn, hverninn ástatt er fyrir þeim.

Sumum mönnum er aþtur svo farið, að þeir taka að vísu ekki á móti trú þeirri, sem býðst þeim, í blindni, en þeir hlýða samt ekki á rödd skynseminnar á trúrækinn hátt, ef svo má segja, heldur láta þeir sér nægja með rökrétt hugsanakerfi eða vísindalegar staðhæfingar, og þetta leiðir til þess, að þeir missa af þeirri úrlausn á gátu lífsins, sem að eins er hægt að öðlast hjá trúarbrögðunum.

Þeir eru því tilförlulega fáir, sem er fullljóst, hvers þeir þurfa sem skynsemi gæddar og hugsandi verur, en þeir, sem ekki hafa gagnað, og hafa lagt á sig svo mikla andlega vinnu, að þeir hafa komist að raunum, hverninn ástatt er, eru þess fullvissir, að trúarþörf mannsins fellur saman við skynsamlega þörf hans á að vita, hvað lífið er, og hvað mennirnir eiga að gera hér í lífi.





III. NÝJA TRÚIN

Ef vér viljum nú reyna til þess að gjöra oss ljóst, hverninn trúarbrögðin hljóta að verða í framtíðinni samkvæmt því, sem áður er sagt, þá getum vér byrjað á því að bera saman gömlu trúna og nýju trúna á þann hátt, sem nú skal greina.

Gamla trúin ávarpar manninn á þessa leið: Þú hefir ekki skapað þig sjálfur. Skynsemi þín segir þér, og þú finnur til þess í sálu þinni, að þú ert háður æðra valdi, guði. Þú hlýtur því ávalt að ráfa í óvissu og ótta, ef þú hlýðir ekki á orð mín, og trúir því, sem eg segi þér, en ef þú trúir, þá öðlast þú frið. Gamla trúin skilur, og kannast við, að trúarþörfin er innrætt. manninum, en í stað þess að gjöra manninum ljóst, í hverju

hún er fólgin, breiðir hún yfir hann lognmollublæju vanþekkingarinnar.

Þar, sem vér rannsökuðum eðli trúarhvatarinnar, sáum vér aftur, að öll niðurbæling hennar er bæði ranglát og ósæmileg mannum, því að slíkt athæfi bælir niður sjálft manneðli mannsins. Vér sáum, að því fer fjarri, að trúarleg löngun heimti trú, en hún heimtar þekkingu á lífinu, því að hún á rót sína að rekja til hinnar æðri skynsemi mannsins, eins og allar andlegar hvatir hans, en eðli þessarar æðri skynsemi er að vilja *vita*.

Upphvatningarorð nýju trúarinnar eru því á þessa leið: Hverfðu, maður, fram í dagsbirtuna úr dimmunni, og lærðu að þekkja hið sanna eðli sjálfs þín. Þú ert skynsemi gædd vera, og því er það hin dýpsta þörf þín, að þú skiljir sjálfan þig, líf þitt, samband þitt við alt, sem ekki er *þú*, hvort sem það er guð, heimurinn eða hvað, sem vera skal. Forlögin binda þig ekki við vanþekkinguna. Átt þú að vera þræll annara, þú, sem guðkynjuð skynsemi hefir ætlað konungskórónu? Nei, mannaðu þig upp, og gættu frumburðarréttar þíns.

Þetta er fyrsta trúargreinin, sem trúarbrögð framtíðarinnar brýna fyrir mönnum, fyrsta trúarreglan, sem allir þeir, er játa þessi trúarbrögð, verða að fallast á. Hið fyrsta skref, sem fylgismenn hinna nýju trúarbragða verða að stíga á vegi þeirra, er, að komast að raun um, að maðurinn, sem er skynsemi gædd vera, getur ekki lifað, nema hann þekki sannleikann.

Um leið og þetta skref er stigið, kemst trúarþörfin fram í ljósbirtuna. Áður var hún óljós og ósjálfráð tilfinning, en nú er hún orðin að skynsamlegum og sjálfráðum vilja. Maðurinn veit, hvers hann þarf, og tengir vilja sinn saman við þörfina. Af þessu leiðir, að maðurinn leitast við, að vilji hans nái takmarki sínu.

Maðurinn spyr: I hverju hlutfalli stend eg þá, eg, sem er skynsemi gædd vera, við allt það, sem ekki er eg sjálfur? Og svo leitar hann þekkingar um sannleikann. Leitin er aðalatriðið í hinum nýju trúarbrögðum. Fundurinn er aptur mark þeirra og mið, kóróna þeirra, sælulaun þeirra.

Um þessar mundir er sagt, að slíkt mark og mið 'sé sérplægingslegt, að aðrar skyldur liggi miklu nær mannum en sú að leita sannleikans. Framvegis lætur enginn triaður sér slík orð um munn fara, því að þau eru byggð á misskilningi á hlutfallinu milli trúarbragða og vísindalegrar rannsóknar. Vísindaleg rannsókn getur vel verið samfara síngirni, því að hún stendur ekki í neinu sambandi við siðferðislíf mannsins. Skilningarvitin athuga, minnið safnar athugunum, skynsemin ályktar. Vísindaleg forvitni er óháð meðaumkun með lifandi verum. Hún getur jafnvel leitað að upptökum lífsaflsins við kvikskurðarborðið, en trúarleg rannsókn getur aldrei leitt til síngirnislegra þ. e. óskynsamra athafna. Framvegis vita menn, hvað það er að leita sannleikans, og þá' hætta menn, í einu orði, að ræða um síngirni og ósíngirni. Þá. verður að eins gjörður greinarmunur á mönnum, sem gegna skyldum sínum svo sem skynsemi gæddar verur, og mönnum, sem vanrækja þær.

Í raun réttir skýrir önnur trúarregla nýju trúarbragðanna þetta mál með því að ræða

um það, sem kallað er hlutfallið milli trúar og líferniss um þessar mundir. Þetta tvent er greint að í gömlu trúarbrögðunum, en hefir að eins áhrif hvort á annað, og myndar enga lífræna heild. Í nýju trúarbrögðunum er aptur enginn greinarmunur gjörður á trú og líferni. Þar er alls ekkirætt um trú og líferni eða þá, að, orðin eru látin vera samnefni.

Að leita sannleikans er í sjálfu sér bæði trú og líferni, því að þessi leit er stöðugt traust á guðdómseðli skynseminnar og stöðug hreifing í áttina til takmarksins. Menn þurfa engarsíðferðisreglur til þess að haga líferni sínu eptir, því að síðgæðin eru fólgin í leitinni sjálfri, og *þetta* er síðferðisregla, sem alls ekki þekkist um þessar mundir.

Flestir menn fleygja sér í faðminn á vísindalegri foryitni í stað þess að gegna trúarþarfarkröfum sínum, eins og eðlilegt er, þar sem þeim er ekki skýrt frá, í hverju þessar kröfur eru fólgnar, og leitast við að skilja lífið með því að rannsaka alt, sem fyrir kemur á sem handhægastan hátt. Þeir lúta þegar í lægra haldi fyrir freistingum hins

óæðra eðlis síns, og þeim kemur ekki til hugar, að þetta gæti verið, og ætti að vera öðruvísi.

Nýja trúin kennir aptur þeim, sem fylgja henni, að fara þveröfugt að ráði sínu. Þar sem leitin eptir sannleikanum er æðsta skylda, sem til er, þá mega engar þær athafnir koma fyrir í lífi manna, sem eru andvígur þessari leit, og þar sem þessi leit stafar frá skynsemi mannsins, þá getur hún ekki leitt til athafna, sem eru óskynsamlegar. Hvenær er einhver athöfn óskynsamleg? Þegar menn þekkja ekki orsök hennar, tilefnið til henn'ar. Þeir, sem komast vilja niður í nýju trúnni, eiga þess vegna ekki að fará eptir hvötum, sem þeir þekkja ekki orsökina til, sem þeir vita ekki, hvort eru skynsamlegar eða ekki. Þeir eiga ekki að hlýða líkamlegum þjáningum eða fýsnum í blindni, heldur eiga þeir að hafa hemil á öllu með afli skynsemi sinnar. Ef þeir lúta í lægra haldi, þá verða þeir að kannast við, að þeim hafi orðið á, og þeir mega ekki láta hrösun sína trufla sig við leitina eptir sannleikanum. Nýja trúin er' siðgæðisleg barátta frá upphafi til enda,

ekki samt háreynt og örvilnuð barátta, heldur glaðvær og sigursæl barátta, sem lítið ber á.

Kennendur kirkjutrúarbragðanna á vorum dögum boða ást til annara manna, og segja, að hún sé skipuð af guði sjálfum, en þeir þora hvorki að gjöra sjálfum sér né öðrum ljóst, hver skynsemi er fólgin í henni. Því síður þora þeir að gjöra sér ljósar afleiðingarnar af þessari kenningu, en af þessu hvoru tveggja leiðir, að þeir láta staðar numið við meir eða minna viðkvæmt orðagjálfur og áminningar. Heimurinn fer ekki heldur eptir grundvallarreglum mannástarinnar.

Alt annað verður ofan á teningnum, þegar nýja trúin hefir rutt sér til rúms. Þá segir reynzla mannsins honum þegar í stað, að hann sé ekki einn um lífið, ekki einn um skyldur þess, og skynsemi mannsins bætir því við, að ef það sé mark og mið hans að þræða braut sannleikans, þá sé það líka mark og mið allra meðmanna hans, að, ef hann hafi þau réttindi að leita sér þekkingar um lífið, þá hafi bræður hans öðlast þessi réttindi líka.

Af þessu leiðir, að þessum jafnstæðu réttindum má ekki lenda saman. Eg má ekki koma svo fram í mannfélaginu, að eg varni öðrum mönnum að leita sannleikans. Mannfélagsmálið verður, með öðrum orðum, að hljóta félagingslega úrlausn — þótt hér sé alls ekki að ræða um lýðfrelsisfélaginga — til þess, að allir menn geti átt kost á að ná hinu andlega lífsmarki sínu eptir því, sem kraptar og hæfileikar hvers eins leyfa.

Egmá ekki heldur breyta svo, að eg tálmi þroskun annara manna með hegðun minni. Eg á að varast, að aðrir menn hljóti þjáningar af mínum völdum, því þjáningarnar leiða hugann frá vinnunni, og festa hann við -persónu þess, sem þjáist. Eg á aptur að hafa það ávalt hugfast, að takmark mitt er líka takmark allra meðbræðra minna, og að við erum settir hér í samvinnu. Alt, sem getur stuðlað til þess, að þessu sameiginlega takmarki verði náð, hlýtur því að vera aðalþátturinn í athöfnum mínum. Mannást mín kemur eðlilega fram í því, að eg efli frið í kringum mig, að eg hjálpi öðrum mönnum, þegar eg get, og huggi þá í erf-

iðleikum þeim, sem eru samfara leitinni, því mannást mín á ekki rót sína að rekja til skammvinnrar tilfinningar, heldur til meðvitundar um skyldu, sem aptur er bundin við skynsemina.

Svona er önnur trúarregla nýju trúarbragðanna. *Lífemi* mannsins verður ekki aðgreint frá *trúnni*, og þetta tvent verður ekki sett jafnhliða. Það verður ekki einu sinni sagt um lífernið, að það eigi að standa í samræmi við trúna, heldur eru trúin og lífernið það sama, svo að þar sem trúin er, þar er líka (gott) líferni.

Loksins leysir þriðja og seinasta trúarreglan úr spurningunni um þekkinguna sjálfa. Fyrsta trúarreglan sýnir upptökin, önnur trúarreglan lýsir veginum, en sú þriðja bendir oss á takmarkið. Skynsemi mannsins getur sem sé af sjálfri sér ákvarðað, hvernig sú lífsvizka þarf að vera, sem ein getur bjargað honum út úr myrkri vanþekkingarinnar, og hún segir, að þessi þekking megi ekki gera nokkurn greinarmun á innihaldi sínu og því, hverninn hún kemur í ljós. Jafnvel meðan stendur á leitinni eptir

sannleikanum eru trúin og lífernið eitt. Hverninn ættu þá vitundin og lífernið að vera tvent eptir fundinn?

Hin trúarlega (sanna) þekking um lífið getur ekki verið eintóm reynzluþekking og ekki heldur eintóm skynsemisvissa. Eg get vitað eitthvað reynzlulega, og logið samt. Eg get hugsað margt og mikið um eitt-hvert mál, en þarf samt ekki að trúa á hugsun mína, svo að eg breyti eptir henni. Þess konar máttuleikar geta ekki átt sér stað, að því er snertir þekkinguna á sannleikanum. Hún getur ekki verið leikfang, sem menn fleygja, þegar þeim er farið að leiðast það. Maðurinn hefir ekki getað öðlast sannarlega þekkingu á lögum lífsins, nema hann breyti eptir henni. Annars væri hann meiri en lífið, öflugri en sannleikurinn, og þá væru til tvö alsérstæð öfl, sem berðust um yfirráðin, en slíkt nær engri átt.

Í raun réttir einkennir það reynzluþekkinguna og skynsemisvissuna, að hvortveggja tvískiptir manningum, skiptir honum í frumlag, sem gætt er viti og andlag, sem vitið kemur fram við, svo að maðurinn getur

farið með andlag þekkingar sinnar, eins og hann vill. Hættur þær, sem þessi tvískipting myndi hafa í för með sér, geta þó ekki átt sér stað við hina sönnu þekkingu um lífið. Þessar hættur hverfa, þegar hætt er við tvískiptinguna, þegar maðurinn stendur ekki framur svo sem frumlag gagnvart líferninu svo sem andlagi.

En hvenær verður þetta, og hverninn er það mögulegt?

Það væri alveg ómögulegt að öðlast slíka þekkingu, ef lífernið væri í raun rétttri eitthvað utan við manninn. Að vísu eru til líferni utan við alla menn, sem þeir geta beitt sér frumlagslega við, lífin umhverfis hvern og einn, eins og aðrir lifa þeim, en þessi líf eru ekki veruleg fyrir mennina. Þau eru ekki líf þeirra sjálfra. Það eru ekki þau, sem mönnum ríður á svo miklu, að öðlast þekkingu um.

Svo er mál með vexti, að hver einasti maður hefir sjálft lífið í sér fólgið, að hver einasti maður er opinberun lífsins. Hið sanna líf er ekki utan við manninn, heldur innra með honum.

Þess vegna er þekkingin á lífinu og um það, þegar hún er fengin, ekki vitund í heil anum, þar sem lífið er andlag, heldur opinberun lífsins sjálfs í öllum manningum, opinberun, sem manningum er ljós. Þessi þekking hefir gjört það að verkum að sá vitandi (maðurinn) hefir runnið saman við takmarkið fyrir þekkingu hans, svo að lifandi meðvitund er orðin, úr hvoru tveggja.

Þegar svo er komið, er maðurinn orðinn holdgaður sannleiki, ef svo má segja. Hann hefir losast við hina síðustu fjötra vanþekkingarinnar, og er orðinn viljugt og sjálfrátt verkfæri í höndum hins mikla lögmáls, þess lögmáls, sem stjórnar öllu lífi og allri fullkomnun. Hann er orðinn dýrlegur, orðinn að persónulegum guði, sem hefir vald og réttindi ttil þess að segja: Eg hefi unnið heiminn, eg er sannleikurinn. Hann er orðinn að fullkomnum manni. Nú er hugsjón heimslífsins náu. Nú hefir hinn aldagamli draumur mannkynsins ræst, og fengið festu ... *

* Reynzlan verður hér samferða hinni skynsamlegu hugsun. Við fyrstu stigin á braut sannleiksleitarinnar öðlast maðurinn þegar andlega fræðslu með sjálfum sér, sem bendir

Hve ákaflega ólík verða ekki trúarbrögð framtíðarinnar trúarbrögðum þeim, sem nú tíðkast. Þau fá ekki hinni þreyjandi sál neitt fullgjört trúarbragðakerfi. Þau benda henni að eins á, hverninn hún verði að læra að þekkja sjálfa sig. Þau skora á hana, að hún skuli treysta guðdómsafli sjálfrar sín og steypa sér út í heim hins óþekta, svo að hún geti fundið þar frið þann og sannleik, sem hún leitar eftir við ljós skynsemi sjálfrar sín.

Ómögulegt er að leiða nokkrar getur að því, hvenær þessi trúarbrögð kunni að hafa sigrað hjarta mannkynsins. Mannkynið er afarmikill ættbogi, og einstaklingarnir í þessari fjölskyldu eru á misjöfnum aldri. Sumir eru fullorðnir, en sumir leika sér ennþá að brúðum og öðru barnaglingri. Ætli þeir verði nokkurn tímann jafnvitrir allir? Þó er víst um það, að þeir, sem vaxnir eru upp úr leikfangi barnæskunnar, munu hyllast að trúarbrögðum framtíðarinnar, hvort sem þeir eru margir eða fáir, eins

honum á ákvörðun hans og hið dýrlega takmark, sem hann kemst einhvern tímann að. Sbr. kaflana hér á eftir einkum „Bréf til námsfélaga”.

og ávalt hefir átt sér stað með menn, sem náð hafa svo miklum andlegum þroska.

Vér skulum að lokum leiða oss fyrir sjónir sama unglínginn og vér hugsuðum oss áður. Vér skulum hugsa oss, að hann ætli að hefja göngu sína út í lífið, að hann velti því aftur fyrir sér, hvað lífið sé, og að hann leyti í þetta skipti svars hjá nýju trúhni. Hvað kenna trúarbrögð hans honum þá? Þau segja: Líttu framan í sjálfan þig, og vertu óhræddur. Kannastu við, að þú sért skynsemi gædd vera, hverninn sem þú kant annars að vera innrættur. Þar sem þú ert skynsemi gædd vera, er það skylda þín, og þú átt að kosta kapps um að þekkja sannleikann, og mundu eptir því, að það ert þú sjálfur, sem átt að læra að þekkja hann. Það stoðar þig ekki, þótt allur heimurinn þekki hann, ef þú þekkir hann ekki sjálfur. Heimtaðu því ekki neina úrlausn af mér, en heimtaðu hjálp og ráð af mér. Nú skal eg gefa þér góð ráð: Leitaðu að sannleikanum, sem þú þekkir ekki ennþá. Lifðu hinu óbrotna, ráðvanda og hreina lífi þeirra manna, sem leita að sannleikanum. Haltu þér frá öllu, sem ekki styður tilgang þinn, og gleymdu því ekki, að líf bræðra þinna hefir

sama tilgang og líf þitt. Komdu bróðurlega fram við alla menn. Þigðu fræðslu af þeim, sem eru vitrari þér, en fræddu þá, sem vita minna en þú. Vertu auðmjúkur gagnvart ráðgátu tilverunnar. Þú átt ekki að nálgast hið allraheilagasta, hinn mikla leyndardóm lífsins með drambsemi, heldur með virðingu og fjálgleik.

Og unglingurinn finnur, hverninn brjóst hans svellur við þessi völdugu orð. Alt, sem göfugt er í sál hans, vaknar, og hann sér í leiðslu hið dýrlega takmark, sem leiptrar í fjarska.

Ennþá stendur hann að eins við hlið lífsins, en yfir þeim glóa með gullnu letri orð hins mikla fræðara:

Klappa á dyr, þá verður lokið upp fyrir þér.
 Bið, þá muntu öðlast.
 Leita, þá muntu finna.

Og afl vonarinnar fyllir brjóst unglingsins. Hann sér í leiðslu musteri það, sem hulið er bak við hin geysimiklu hlið lífsins. Hann sér, að út úr þessu musteri ganga allir þeir, sem hafa getað sagt um sjálfa sig: Vér höfum leitað. — Vér höfum fundið.





Í NÆTURKYRÐINNI

Hátt hvelfðist himininn í næturkyrðinni, og þúsund stjörnur leiptruðu á hinu blakka himinhvolfi. Niðri fyrir lá víðlend flatneskja lauguð silfurflóði mánans, en risavaxnir pálmaviðir vörpuðu dökkum skuggum á hinn blikandi völl.

Þar stóð lítið hús, hulið skuggalegum viðsmjörsviðum að nokru leyti. Inni í húsinu sátu tveir menn við opinn glugga. Blíða og friður skein út úr andlitinu á öðrum, en útlit hins bar með sér efablandna og órólega þrá.

Sannlega segi eg þér, mælti fyrri maðurinn með mjúkri og hljómfagarri rödd, enginn getur

komist í guðsríki, nema hann endurfæðist. Því er trú þín svo veik? Qetur þú ekki treyst orðum mínum?

Hinn maðurinn svaraði ekki, en mælti: Skýrðu fyrir mér, meistari, hvar guðsríki er. Farísearnir kenna, að það sé í upprisunni á efsta degi, þegar mennirnir verða vaktir upp frá dauðum. Kennir þú á sömu leið?

Hefðir þú hlýtt á orð mín, þegar eg svaraði Faríseunum, þá spyrðurðu ekki að þessu nú. Guðsríki hefir engan ytri búning, þegar það birtist, og ekki er hægt að segja um það, að það sé hér eða þar, því að guðsríki er hið innra með mannum. Að fá inngöngu í guðsríki er að öðlast anda sannleikans og skilja alla vizku.

Lærisveinninn, sem var að leita sannleikans, mælti: Eg vildi leggja mikið í sölurnar, herra, til þess að öðlast þekkingu á sannleikanum. Fræddu mig, því að til þess hefi eg leitað til þín nú í næturyrðinni. Eg veit, að þú ert sendur til þess að fræða oss, því að enginn getur gjört þau tákni, sem þú gjörir, nema guð sé með honum.

Hinn svaraði blíðlega: Eg segi þér ennþá einusinni, að þú getur ekki fengið inngöngu í guðsríki, nema þú afklæðist þínum gamla manni, og endurfæðist.

Hvað áttu við, meistari? Get eg, sem er orðinn gamall, fæðst aptur? Get eg komist aptur inn í kvið móður minnar, og fæðst?

Meistarinn sat hljóður stundarkorn, og virti fyrir sér lærisvein sinn með ástumblandinni álösun.

Því skilur þú mig svo, sem eg væri að ræða um holdlega hluti? Þú ert Lærimeistari í Ísrael, og ættir að vita, að andinn lífgar, en ekki bókstafurinn. Það, sem af holdi er fætt, er hold, en maðurinn er ekki einungis hold. Hann er líka andi, og það er andi hans, sem á að fæðast af andanum. Undrast þú nú ekkí, að eg sagði við þig, að maðurinn ætti að endurfæðast, því að þótt hann sé andi frá fæðingu holdsins, þá býr andi sannleikans ekki í honum, fyr en hann endurfæðist af þeim anda, sem ekki er andi hans, hvorki er þinn andi né minn andi, heldur fer frjáls ferða sinna, hvert sem hann vill.

Sátt segir þú, herra, mælti lærisvéinninn auðmjúklega. Andi sannleikans býr ekki í mér, því að eg hefi enga þekkingu, en hverninn á eg að öðlast hann?

Biddu, þá mun þér verða veittur hann. Hefir þú ekki heyrt, að eg hefi sagt, að sá sem vildi komast inn í guðsríki yrði að klappa á dyr. Sannlega segi eg þér, þá mun verða opnað fyrir honum.

Meistari, eg ergi þig með spurningum mínum, en skynsemi mín er veik...

Þegar vesalingurinn, sem var að leita sannleikans mælti þetta, leit maðurinn með blíða andlitið til hans, en svo mikill skilningur og svo mikil ást skinu út úr augnaráði hans, að hjartað hoppaði í lærisveininum, og hann var að því kominn að falla á kné og kyssa faldinn á klæðum hins mannsins.

Þér er sjálfum þungt í skapi, Nikódemus, mælti meistarinn, því að ennþá ónáðar efinn þig, en ekki mér, sem hefi friðinn. Spyr þú, því að til þess er eg kominn í heiminn, að eg beri' sannleikanum vitni.

Lærisveinninn gladdist við þetta og mælti: Þú sagðir, að eg ætti að biðja og klappa á

dyr til þess að komast til guðsríkis og öðlast þekkingu um sannleikann. Hvern á eg að biðja, herra, og hvar á eg að klappa á dyr?

Guðsríki er hið innra í þér. Þú átt að klappa á dyr hjarta þín sjálfs. Þú átt að biðja um andann af allri sál þinni, og skalt ekki hirða um neitt jarðneskt. Berðu ekki umhyggju fyrir mat, drykk eða klæðum eins og þeir, sem ekkert hafa heyrt um gleðiboðskap sannleikans. *Pó* segi eg þér: Vinn þú, og þér skal veitast það, sem þú hefir þörf á, því að verður er verkamaðurinn launanna. Hirtu ekki um jarðneska muni, og bind ekki huga þinn við þá, heldur skaltu snúa huga þínum til himins. Þú átt að vera eins og barn, fullur trúar, vonar og trausts.

Nikódemus varpaði öndinni mæðulega.

Styrktu trú mína, mælti hann í bænarrómi.

Trú þína? svaraði hinn. Bið eg þig að trúa nokru, sem þú veizt ekki sjálfur? Sannlega segi eg þér: Qetir þú ekki trúað mér, þegar eg tala um hluti, sem þú hefir sjálfur reynt, hverninn ættir þú þá að trúa mér, ef eg segði þér himneska hluti. Hjá manningum, sem getur komist iðn í guðsríki, er ekkert annað en það, sem er af himneskum rótum runnið, eða veiztu ekki,

lærði rabbí, hvað í þér er ofan að? Þá skal eg segja þér það. Það er ljósið í þér, sem komið er af himnum, ljósið, sem lýsir upp myrkur holds þíns, og skýrir þér frá, hvað rétt er og satt, ljósið, sem býr í öllum mönnum, þó að mennirnir forðist það, og hati það, þar sem það segir þeim, að verk þeirra séu vond, því að þeir unna meir myrkri holdsins, og vinna fremur verk eftir vilja holdsins. Ett eg segi þér, að þann, sem snýr við frá hinum vonda vegi, og trúir á ljósið, sem er innra í honum, skal ljósið sannarlega ekki dæma, heldur skal hann öðlast eilíft líf við þekkingu sannleikans.

Nikódemus hafði hlýtt á orð meistarans með áhuga, og eftir því meiri, sem á leið ræðuna. Það glaðnaði smám saman yfir honum, og þegar meistarinn hafði lokið máli sínu, mælti hann eins og frá sér numinn:

Nú skil eg. Eg á ekki að neyða mig til þess að trúa á þig né torskilda hluti, heldur á eg að trúa á ljós sjálfs mín, skynsemi sjálfs mín.

Þar komstu með það, svaraði meistarinn brosandí.

Blindur hefi eg verið, mælti Nikódemus hugsí, en nú veit eg, hver er guðs son.

Þá tók meistarinn aftur til máls, og mælti: Svo unni guð heiminum, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver, sem trúir, glattist eigi, heldur fái eilíft líf. Ljósíð erguðs son eingetinn. Mennirnir reikuðu í myrkri og höfðu engan annan vilja en vilja holdsins. Þásendi guð ljósíð í heiminn til þess að lýsa hann, og nú stendur yfir barátta milli myrkursins og ljóssins. Heiminn fýsir ennþá eftir holdinu, en ljósíð lýsir í honum, og dæmir allar athafnir holdsins. Son guðs er þó ekki kominn til þess að dæma heiminn, heldur til þess að frelsa hann. Sá sem trúir á ljósíð, og afneitar vilja holdsins, hann mun koma til ljóssins og lýsa fyrir mönnum, því að hann er getinn af guði.

Að svo mæltu reis meistarinn á fætur, tilkomumikill og hátignarlegur.

Nú veiztu, Nikódemus, sagði hann þýðlega, að maðurinn þarf að endurfæðast til þess að komast inn í guðsríki og vinna þau verk, sem eg vinn ...

Nikódemus leit á meistara sinn með þakk-lætissvip, og mælti: Já, herra Jesús, hann verður að afneita vilja sjálfs sín og láta hann lúta sannleikanum. Hann má ekki gera annað en

það, sem rödd guðs innra með honum, segir honum.

Jesús mælti að skilnaði:

Sannlega segi eg þér: Trú þín mun frelsa þig, því að ljósið mun vinna sigur á myrkrinu.

Þegar Nikódemus kom út á flatneskjuna, var stjörnuþjarminn kominn að því að hverfa. Hann nam staðar, og leit til austurs. Út við sjóndeildarhringinn sást daufleg skíma, sem sýndi, að komið var undir dögum.

Því að ljósið mun vinna sigur á myrkrinu, mælti Nikódemus fyrir munnni sér. Eg kom hingað með óróu hjarta, en fer héðan fullur trausts. Þessi maður er sannarlega sendur af guði. Kenning hans er ekki kenning hans sjálfs, heldur kenning sannleikans.

(Jóhannesar guðspjall III, 1—21.)





BRÉF TIL NÁMSFÉLAGA

Endurfæðingin á sér stað í raun og veru. Þessi sannleikur hefir verið véfengdur eins og öll stórsannindi, sem hafa borist óþroskuðu mannkyni, og það, sem hefir valdið véfengingunni, eru ekki að eins árásir trúlausra manna,

heldur miklu fremur hyggindaleyssi þeirra, sem trúað hafa á endurfæðinguna, svo að hún er orðin að þyrni í auga djúphyggjumönnunum, en frjálshyggjandi menn hlæja að henni.

Menn, sem þekkja ekki endurfæðinguna af eigin reynzlu, en bera þó talsverða virðingu fyrir henni, hugsa sér venjulega, að þessi nýja fæðing sé eitthvað ákaflega dularfult og ólýsanlegt. Þeir ætla, að náð guðs, miskunnsemi Jesú

Krists og aðrar svipaðar guðfræðislegar hugmyndir eigi talsverðan þátt við endurfæðinguna, og geri það að verkum, að hinn gamli maður verði alt í einu að guðs barni og alt að því jafnfullkominn, og heilagir menn eru taldir.

Orsakirnar til þessa eru eðlilega þær, að þeir, sem rætt hafa um endurfæðinguna, hafa talist til einhvers sértrúarflokks í kristnu kirkjunni. Quðfræðislegar trúarkreiddur hafa skygt á dómsgreind þeirra, svo að þeir hafa ekki getað athugað hinn sálarfræðislega tilburð, sem liggur til grundvallar fyrir endurfæðingunni, með vísindalegri skarpskygni, heldur hafa þeir ætlað sér að skýra hana á frumeðlislegan hátt, en það hefir orðið þeim að fótakefli. Eg er aptur sannfærður um, að til er sálarfræðislegur tilburður, sem ástæða er til þess að nefna andlega endurfæðingu, og eg óska þess innilega, að sálarfræðisvísindin tækju sér fyrir hendur að rannsaka þennan tilburð. Eg hygg samt, að sá sem fengist við þessa rannsókn, þyrfti að vera sérstaklega búinn undir hana, og einum þyrfti hann að hafa sjálfur reynt eitthvað keimlíkt endurfæðingunni.

Það eru vísindaleg sannindi, að náttúran hleypur ekki yfir neitt, heldur liggja orsakir, sem á undan eru farnar, til als sem við ber. Eins eru það talin heimspekileg sannindi nú orðið, að ekki sé til neitt töframeðal, sem geti breytt syndugum manni í engilhreina veru alt í einu. Það er því enginn þvílíkur tilburður, sem eg skil við endurfæðinguna, þó að sumt sé reyndar við tilburð þann, sem eg á við, sem þeim gæti virst óskiljanlegt, er ekkert þekkja til.

Bezta ráðið til þess, að þú skiljir sjálfan tilburðinn þegar í stað, mun vera, að eg skýri hann fyrir þér með dæmi. Eg skal því segja þér frá viðburði, sem eg veit að er sannur. Aðalmaðurinn er einn af kunningjum mínum, sem leitaði sannleikans. Hann hafði mist æskutru sína, orðið svo frjálshyggjumaður, og nú var svo komið, að hann efaðist um alla skapada hluti. Þó var fjarri því, að hann væri flysjungur, því að hann var óvenjulega djúplyndur og alvörugefinn, og eg veit með vissu, að hann bar sáran harm í hjarta yfir því, að hann gat ekki betur séð, en að tilveran væri alveg þýðingárlaus. Einn góðan veðurdag kom hann

til mín, og átti eg þó enga von á honum. Hann heilsaði mér ekki, en tók til máls upp úr þurru, og mælti þessum orðum, sem eg mun aldrei gleyma:

Nú hefi eg fundið það, sem eg hefi leitað svo lengi eptir. Eg sé guð, og eg sé, að það er vilji hans, að eg unni öllum verum, sem guð hefir skapað, eins og bræðrum mínum. Það er alveg eins og bjart ljós lýsi í mér. Eg get ekki lýst því, hvað eg ann lífinu og mönnunum heitt.

Kunningi minn sagði þetta með hægð og rósemi, en þó skalf í honum röddin af gleði, og honum var auðsjáanlega mikið niðri fyrir.

Mér brá mjög við, og eg leit alveg forviða á kunningja minn. Það var auðséð, að hann hafði tekið miklum stakkaskiptum. Hin alvarlegu augu hans leiptruðu, eins og hann væri frá sér numinn, og eg verð að kalla svip hans hátignarlegan. Svo göfuglegt og aflmikið var augnaráðið. Sjálfur fann eg, að vissir strengir í hjarta mínu urðu snortnir.

Þetta var svo kynlegt, hélt hann áfram. Eg hafði barist með meira þolgæði en vant var. Mér liggur við að segja, að eg hafi glímt við

guð, eins og Jakob gjörði á leiðinni til Kana-ans. Myrkrið umhverfis sál mína var svartara, en það hafði verið nokru sinni áður, og mér lá við að örvilnast. Vera má, að skamt hafi verið til einhvers ennþá verra, en þá heyrði eg alt í einu greinilega, að rödd talaði inna með mér: „Eg ann þér, sonur minn, hví harmar þú?” í sama bili var, eins og myrkrið rifnaði sundur, en ljósflóð streymdi inn í sálu mína, og sýndi mér á sviðstundu sannleikann, sem eg hafði leitað svo lengi eptir árangurslaust ... og sama ljósið heldur áfram að lýsa.

Það leyndi sér ekki, að kunningi minn var í æstu skapi, en eg unni honum ánægju hans, og truflaði hana ekki með því að Spyrja hann frekara. Hið kynlega ástand hans stóð í tvo daga, en þegar þeir voru liðnir, virtist mér hann verða aptur, eins og hann átti að sér. Samt höfðu orðið gagnger umskipti á högum hans, og eptir þessa endurfæðingu var hann alt annar maður en áður. Öll hugsun hans og allur dugnaður hans stefndu nú að einu takmarki: að vera meðbræðrum sínum til gagns og aðstoðar. Kunningi minn hafði ávalt verið siðlátur maður, svo að hann þurfti ekki að

leggja niður neina ljóta siði, en svo var, senlíf hans væri þrungið nýju afl, enda hafði hann sett lífi sínu ákveðið markmið. Eftir þetta var hann aldrei daufur í bragði, og efasemdir sóttu aldrei framár á hann. Þó eg sæi hann hryggan einstökum sinnum, þá var það að eins af því, hvað hann þóttist vera veikur fyrir. Það var eðli hans að vinna allt með áhlaupi, himnaríki líka, og hann gat því stundum verið í þungu skapi yfir því, að hann gæti ekki gjört jafnmikið gott, og hann vildi, en hugrekki hans skilaði sér jafnan skjótlega aptur, og hann tók aptur til starfa sinna með tvöfaldri gleði og ánægju.

Einu sinni sagði kunningi minn við mig: Líttu á. Náttúran hleypur ekki yfir neitt, en það vill maðurinn gjöra. Hann vill verða guð alt í einu, að því er snertir afl og gæzku. Þetta stafar þó að eins af óþolinmæði þeirri, sem er samfara lágeðli mannsins. Háeðli hans veit aptur, að eina ráðið er að gjöra allt, sem maður getur. Meira er ekki heimtað ...

Einhverju sinni minti eg kunningja minn á uppvakning hans, og spurði, hvað það hefði eiginlega verið, sem hann *sá*.

Var það hinn réttláti Jehóvah, sem sat í há-
sæti í himnaríki, og ljómaði af fyrirgefningu
og ást?

Eg lagði þessa spurningu fyfir kunningja
minn í gamansömum rómi, en hann várð
mjög' alvörugefinn, óðara en eg slepti orðinu.

Talaðu ekki svona léttúðlega, svaraði hann.
Ef þú hittir nokkurn tímann mann, sem sér
þvílíkt, þá geturðu verið sannfærður um, að
það er hugsjónaafli hans, sem sýnir honum
það. Slíkar sjónir standa ekki í neinu sam-
bandi við al-andlegt líf. Þú segir, að eg hafi
sagt, að eg hafi séð... Þetta orðatiltæki er lík-
lega það bezta, sem völ er á. Satt að segja er
mér ómögulegt að lýsa því, hverninn eg var
á mig kominn. Eg stóð andspænis einhverju
æðra, einhverju hátignarlegu og óendanlegu.
Eg vissi, að þetta eitthvað lifði, unni og fagn-
aði, að það var syndlaust, heilagt og fullkomið,
en hvað það var, get eg ekki um sagt. Eg
nefndi það guð, en eg sá ekkert með líkam-
legum áugum mínum, og þó var, eins og eg
gengi um ljóshaf. Seinna hefir mér komið til
hugar, að nafnið væri alveg þýðingarlaust. Það
má nefna leyndardóminn guð eða Krist eða

sálina, eða háeðli eða hvað, sem vera skal. Þetta er alt guðfræði, en mergurinn málsins er, að menn hafi reynt þetta sjálfir.

Má eg spyrja þig að einni spurningu?

Ojörðu svo vel.

Hefir þessi furðulegi fyrirburður borið fyrir þig að eins í þetta eina skipti eða...?

Kunningi minn tók fram í fyrir mér: Ekki í þetta eina skipti, en það var í fyrsta skipti.

Frekari skýringar fekk eg ekki hjá honum.

Seinna hefi eg komist að raun um, að reynzla kunningja míns stendur ekki ein sér. Aðrir menn hafa líka öðlast þessa andlegu fræðslu eða endurfæðingu, sem skapar manninn sannarlega að nýju, og gerir hann jafnhreinan og barn í reifum, þótt hann verði als ekki að heilögum manni. Hið nýja hjá manningum er, að hann leggur sig með glaðværrí sjálfsafneitan í sölurnar fyrir hið mikla takmark, sem hann hefir fengið þekkingu um. Ef skapsmunir manns eru veilir, verður hann að berjast gegn þeim og vinna sigur á þeim í langvinnu einvígi, en nú sér hann glöggarara en áður. Hann sér, hve hann er ófullkominn, og hann getur aldrei sokkið svo djúpt,

að hann telji sjálfan sig heilagan og réttlátan, nema hann afneiti þá sjálfum sér.

Eptir því, sem eg lít til, er endurfæðingin því einn af þýðingarmestu sálarfræðislegu fyrirburðum, sem koma fyrir í mannlegu lífi, og eg ætla nú í stuttu máli að leiða þér fyrir sjónir tvær fræðikenningar, sem eg álít, að skýri þessa andlegu endurfæðingu á skynsamlegan hátt.

Hin rammasta efnisheimshyggja getur ekki neitað því, að aflið sé til í alheiminum. Eins og hægt er að greina efnið svo sem virkileikaheld þ. e. frumagnir frá öllum efnislegum fyrirburðum, svo er og hægt að greina aflið í sjálfu sér frá opinberunum þess, öflunum. Dómsdagur eða ragnarök myndi eyða öllum alheiminum jafnskjótt, og hið lifandi afl, sem heldur öllu saman, og heldur öllu í jafnvægi, hætti að vera til. Þetta afl er ósýnilegt, ómælanlegt og óveganlegt, en það er eilíft og alstaðar nálægt, og miklu verulegra og óhjákvæmilegra en þúsund glæsileg sólkerfi með reikistjörnum og öllu því, sem á þeim lifir. Ef vér stígum feti fram, og eignum þessu afli eða þessu samsafni afla, eins og sumir

vilja láta að orði komast, eiginleikana vitsmuni og meðvitund, þá stöndum vér andspænis þeim veruleika, sem hjarta mannkynsins þráir sí og æ, sem samvizka þess ber vitni um, og sem það trúir á, þegar fjálgleikur er öðru megin, þeim veruleika sem sé, sem hylur sig bak við blæju efnislegra tál sjóna, og mannkynið hefir nefnt sameiginlega nafninu guð á ótal ólíkum tungurnálum.

En vér þurfum ekki að stíga þetta fet. Aflið má halda áfram að vera afl blátt áfram, óskýrt og óskiljanlegt. Einn eiginleiki er þó, sem ekki verður tekinn frá því, að það er alstaðar nálægt, þótt það sé ósýnilegt. Efnisfrumagnirnar sjálfar eru ekki annað en aflmiðjur, eptir því, sem sumir halda. Aflið er því ávalt fyrir höndum, jafnvel hjá mannum.

En hvað er maðurinn? Samsteypa af öflum, ólgandi, órólegum öflum, sem berjast hvert gegn öðru, en undir niðri er skynsemi, sem getur íhugað og dómgreint, og það er einmitt svo sem skynsemi gædd vera, að maðurinn stendur á sjálfgildum grundvelli gagnvart heiminum og sjálfum sér.

Meðan maðurinn er í eðlilegu, óendurfæddu ástandi veit hann að vísu um hin ólíku öfl, sem starfa inna með honum, og sem hann eignar sjálfum sér, eins og rétt er. Hann hefir líka uppgötvað mörg af þeim öflum, sem starfa í náttúrunni, með tilstyrk vísindanna, og hann finnur til áhrifa þessara afla umhverfis sig, en eins og hann hefir ekki getað fundið með tilraunum það afl, sem sameinar í sér öll skapandi, viðhaldandi og eyðandi öfl í alheiminum í samstiltu jafnvægi, þó að skynsemi hans segi honum, að slíkt afl hljóti að vera til, eins hefir hann ekki heldur fundið inna hjá sér það afl, sem er kjarni og kraptur allra hinna aflanna.

En þegar maðurinn er kominn í andlegt, endurfætt ástand, þá er þrautin unnin.

Endurfæðingin er vegur vitundarinnar frá margfaldleik aflanna til einingar aflanna. Áður var alt á ringulreið, en nú er alt komið í lag. Áður var stríð, en nú er friður.

Eg skýt því til heimspekinganna að skera úr, hvort það er með skynseminni eða með nokkurs konar skilningarvitum, sem þá mætti kalla sjöttu skilningarvitin, hugskotsýn eða and-

legu fjarsæi, sem maðurinn verður var við. Opinberun hins eina (afls) bak við hin mörgu um leið, og hann endurfæðist. Víst er um það, að maðurinn verður var við eitthvað inna með sér, sem hann þektí ekki áður, að hann finnur, að nýtt, samstilt og heildarlegt líf rennur upp úr hyldýpum í sálu hans, sem hann grunaði ekki áður, að væru þar til. Víst er líka um það, að maðurinn þorir ekki að nefna þetta nýja afl afl sjálfs sín á sama hátt og hin öflin, sem hann hefir skynjað með sér: Til þess er það alt of völdugt, háleitt og virðingarvert. Maðurinn verður því frá sér numinn, og biður til þessa óþekta afls í hálfum hljóðum: Drottinn minn og guð minn ...

Eg skýt því líka til heimspekinganna að skera úr, hvort þetta afl, sem maðurinn verður var við, jafnskjótt og hann endurfæðist, er viturt og skynsamt í sjálfu sér, eða það öðlast vitund og skynsemi við það að vakna til meðvitundar hjá manningum, ef svo má segja. Það eitt er víst, að nálægð þessa afls heimtar kyrð og dýrkun. Þegar þetta afl talar til sálarinnar, geta engin önnur óæðri öfl látið til sín heyra, og það fyllir lífið hreinleika, góðvild og sann-

leika, öllu á efsta stigi. Það er því ekki að furða, þótt maðurinn, sem hlýtur að vera hrifinn af þessu óþekta afli, eignist því réttlæti, fullkomleik og alla hina æðstu eiginleika, sem hugsjónaafli hans hefir nokkurn tímann eignað guði alheimsins, og jafnvel ekki, að hann samræmi þetta afl við guð eða hið völduga afl, sem liggur til grundvallar fyrir öllum alheiminum. Samt verður auðveldast að skýra sér hið nýja ástand, ef vér hugsum oss, að við endurfæðinguna verði maðurinn þess vísari, að hið alstaðar nálæga, ósýnilega frumafl alheimsins er líka inna með honum.

Vér getum nefnt þessa skýringu algyðiskenninguna, en svo er til önnur skýring, sem að vísu er jafnskynsamleg, þótt vera megi, að margir líti svo á, að hún sé ekki jafnaðgengileg. Eg á við séreðlisskýringuna, og hallast flestir yfirskilvitsmenn, guðvitringar, dultrúarmenn og andatrúarmenn að henni.

Samkvæmt þessari kenningu er mannpersónan, maðurinn, eins og vér þekkjum hann með tilhneigingum hans, fýsnum og hugsunum ekki allur maðurinn, heldur að eins meira eða minna afskræmd efnismynd eða efnisspeglun

af hinu sanna menni* mannsins, anda hans eða hinni ódauðlegu sál hans. Þetta menni, sem bundið er við líffæralíkama, er telst til hins efnislega, líkamlega heims, lifir sjálft í algerðum skilningsheimi, og er óháð líkamanum að nokru leyti. Það er gneisti frá hinu guðdómlega al-lífi, og ber með sér einkenni þess, þótt lítið beri á: vitund, góðvilja og mátt. Þar sem mennið er runnið af al-andlegum rótum, getur það aldrei saurgast af hinu illa þ. e. hugsunum og fýsnum, sem eru andstæðar samræminu í heimsheildinni. En einmitt af því, að þetta menni er að eins fræ, sem hefir í sér vísinn til guðdómlegra eiginleika, þá þarf að gróðursetja það í jarðvegi, þar, sem eðli þess getur náð fullum þroska. Þessi jarðvegur er hið takmarkaða jarðneska líf í holdlegum líkama, enda er komist svo að orði, að andinn klæðist holdi. Alt mennið samlagast þó ekki líkamanum, heldur fær það hon-

* Orðið menni er haft hér yfir sænska nafnorðið Jag, Jeg á dönsku. Að vísu er íslenska orðið jeg alveg sama orðið, en þegar á að fara að hnegja það (jegið, jeginu, jugsins) verður það mjög óíslenskulegt, og þótti mér orðið menni skárri, þó að ilt sé.

um að eins sál, svo að hann öðlast vitund, og eptir því, sem líður á jarðlífið, þroskast í henni persónuleg sjálfsvitund. Tilgangurinn með holdtekju andans er eflaust, að hann vakni til vitundar um hæfileika sjálfs sín þ. e. sjálfsvitundar. Þetta getur að eins orðið með því móti, að efnisspeglun andans, hin holdlega sjálfsvitund komist á svo hátt andlegt stig, að ekki sé auðið að greina bæði mennin í sundur eins og tvær strendur, sem eru tengdar saman með brú, heldur renni þau saman í eitt andlegt menni, eina yfirlíkamlega, yfirpersónulega sjálfsvitund.

En til þess, að þetta geti átt sér stað, þarf rnanncpersónan langvinnrar hreinsunar við. Andinn vill það, sem skynsamnt er og gott, eins og eðli hans er til, og vér nefnum það óeigin-gjarnt, er hann vill. Holdsvitundin vill aptur það, sem er óskynsamlegt og ilt, það sem veldur ósamræmi í heiminum, eins og hún á eðli til. Það, sem hún vill, nefnum vér eigin-gjarnt. Þetta langvinna hreinsunarstarf getur ómögulega orðið á enda kljáð, meðan stutt jarðneskt líf er að líða. Það heldur því áfram, eptir að líkaminn er liðinn undir lok, og menn

staðhæfa jafnvel, að andinn, hið æðra menni, taki sér bústað í mismunandi líkömum hvað eptir annað. Þetta virðist líka hafa verið algeng trú í fornöld, og enn í dag boða öll trúarbrögð Austurlanda þessa . kenningu um endurborningu eða holdtekju andans.


Samkvæmt þessari kenningu yrði nú endurfæðingin. Eg á við hinn sálarfræðislega tilburð — samrensi hinnar persónulegu vitundar eða sameining hennar við hið æðra menni. Þó að þessi sameining standi að eins stutta stund skynjar persónuvitundin ákvörðun og ætlunarverk hins æðra mennis, og þá um leið ákvörðun sínaog ætlunarverk. Af viðkomunni við hina æðri vitund leiðir, að skapsmunir mannsins verða göfugri en áður, og að hann vinnur dyggilegar en áður að því, sem gott er. Þetta á svo smám saman að leiða til þess, að maðurinn samlagist alveg hinu verulega, andlega menni sínu, og verði að guði, þótt hann lifi hér á jörðunni.

Láttu ekki þessar kenningar trufla þig við störf þín. Komdu ekki með þessa afgömlu en einfeldnislegu athugasemd: Hvor skýringin mundi vera sönn og rétt? Þær eru báðar

sannar, þangað til vér finnum skýringu, sem er ennþá betri. Aðalatriðið er als ekki skýring á tilburðinum, heldur tilburðurinn sjálfur. Mik-ið af eyndinni í heiminum stafar frá því, að mönnunum hættir svo mjög til þess að blanda skoðunum um eitthvert mál saman við málið sjálft. Láttu ekki þetta verða þér að fótakefli.

Hald þér því fremur við lífið sjálft en við kenningar. Að vísu er ekkert á mótí guðfræð-inni, en hún má aldrei sitja í fyrirrúmi. Maðurinn afneitaði jafnvel eðli sjálfs sín, ef hann leitaði ekki að lögmáli er skýrði tilburð, sem borið hefði fyrir hann, en skynsemin heimtar, að menn reyni fyrirburðinn fyrst. Kostaðu því kaps um af allri sálu þinni að uppgötva hið endurfæðandi afl inna með þér. Þá sérðu sjálf-ur á eptir, að hverri kenningu þér geðjast bezt.





LJÓS ÚR AUSTRI

Ef eirihver kæmi til mín, og spyrdi mig, hvað hann ætti að gjöra til þess að finna sannleikann, hvar hann ætti að leita hans, þá myndi eg svara: Þú verður fyrst og fremst að rannsaka öll aðaltrúarbrögð, sem til eru í heiminum. Ef þú hefir ekki tíma og tækifæri til þess að kynna þér frumritin sjálf eða þýðingar af þeim, þá hefir verið ritaður um þau fjöldi af góðum bókum, og þú getur lesið eitthvað af þeim.

Því myndi eg svara þessu? Af því að maður getur ekki tekið þeirri þroskun, sem vera skal á vorum dögum, að því er snertir hjarta

og vitsmuni, nema hann sé alveg frjáls og umburðarlyndur í trúarefnum.

Vér skulum hugsa oss öld eða hálfra aðra öld fram í tímann. Þá þektu menn ekki til annara trúarbragða en kristninnar. M vissu menn ekki annað um Austurlönd en það, sem einstakir ferðamenn höfðu fært í frásögur. Þá var kirkjan æðsta heimild í öllum málum, sem fyrir gátu komið í lífinu.

Heimurinn var skapaður fjórum þúsundum ára fyrir fæðingu Krists. Jörðin var miðdeþill alheimsins, en sól, tungl og stjörnur þræddu brautir sínar umhverfis hana. Guð sjálfur var stórvaxinn risi, sem gekk um aldingarðinn Paradís, gladdi sig yfir verki sínu, og skapaði fyrsta karlmanninn og fyrsta kvenmanninn úr handfylli sinni af leir. Seinna iðraðist hann þó eptir öllu saman, því að mennirnir voru ekki nógu grunnhygnir til þess að hlýða skipunum hans blátt áfram, og þessi „synd“, sem var dauða verð í augum harðstjórans, varð ekki afplánuð með öðru móti en því, að sonur sjálfs hans steig af hinnum niður til Oyðinga, og lét þá hella út hinu saklausa blóði sínu til friðþæg-ingarfórnar.

Oyðingar voru guðs út valin þjóð, eina þjóðin, sem þekti hann, og trúði á hann. Allar aðrar þjóðir voru siðleysingjar, sem ráfuðu í myrkri fjölgyðistrúar og skurðgoðadýrkanar þrátt fyrir þjóðmenningu sína, og sá dómur var kveðinn upp yfir þeim, að þær skyldu líða undir lok. Hin heilaga saga var sagan um styrjaldir Oyðinga og hryðjuverk þeirra, og hún var eina sagan, sem hafði verið mikilsverð fyrir þroskun mannkynsins.

Hve mikil breyting er ekki komin á alt nú! Nú vita menn, að því fer svo fjarri, að heimurinn hafi verið skapaður úr engu fyrir sex þúsundum ára, að hann hefir aldrei átt nein upptök. Hann er óendanlegur, að því er snertir víðtæki hans í geimnum og líka eilífur, að því er snertir tíma. Jörðin er að eins duptkorn í takmarkalausum alheimi. Sól vor er að eins ein af miljónum sóla, og fastastjörnurnar eru als ekki hreifingarlaus næturblys, heldur geysimiklir hnettir, sem þjóta áfram um djúp himingeimsins með voðahraða. Þessi heimur er eilífur, þó að sólirnar og jarðirnar verði til úr móðu frumefnisins, og slokni eins og ljós, þegar dauðinn andar á þær, en lífstími þeirra

skiptir ekki þúsundum ára, heldur þúsund sinnum miljónum ára. Hin litla reikistjarna, sem vér búum á, er ekki heldur kornung. Jarðmyndanirnar sýna, að hún er margra hundr- aða þúsunda ára gömul.

En þá er maðurinn! Hann var als ekki skapaður jafnfullger, og hann er nú, fjórum þúsundum ára fyrir fæðingu Krists. Fimm þúsundum ára f. f. Kr. átti blómleg þjóðmenning sér stað í Egyptalandi, og áður en sannar sögur hófust, höfðu Indland og Kína náð mikilli menningu. Alt þetta getur varla hafa hrapað af himnum ofan, eins og það var að öllu leyti. Vísindin hafa uppgötvað kynlegt náttúrulögmál: orsakar- og þroskunarlögmálið. Alt, sem ber við, á eðlileg upptök í orsökum, sem á undan eru farnar, og leiðir aptur til nýrra afleiðinga. Orsakasambandsröðin er eilíf. í öllu, sem lifir, búa líka hvatir til þroskunar, endurbótar, fegurðareflingar. Nú spyrja vísindin: Ætli að maðurinn sé þá ekki háður sama lögmáli, ætli að hann hafi ekki farið yfir öll hin lægri þroskunarstig, áður en hann komst á það stig, sem hann er nú á, og þó að maðurinn hafi einhvern tímann gengið á fjórum fótum, þá

hefir það varla átt sér stað. fyrir tíu eða tuttugu þúsundum ára, heldur veit guð einn, hvað langt er síðan. Þá er ekki heldur auðið að segja, að maðurinn hafi fyrst verið á háu stigi, en hrapað svo niður í synd og eymd, því að flestum kemur eflaust saman um, að hann hafi þá komist á æðra stig af lægra stigi.

Og hverninn hefir farið með vesalings Gyðingana og hinn lítilfjörlega Jehóvah þeirra? Guð er ekki lengur fyrirlitlegur risi með mannlegum ástríðum, heldur ósýnilegur, algagnfær andi, miskunsamur og ástríkur faðir, sem lætur sól sína renna upp yfir vonda og góða. Kristur er ekki lengur saklaust fórnardýr, heldur góður hirðir, sem stóð í hinu innilegasta sambandi við guðdómlegan anda, og óskaði þess eins, að allir bræður hans gætuorðið jafnsælir í hjarta sínu, og hann var. Sagnfræðingarnir telja Gyðinga ekki lengur guðs útvalda þjóð, heldur litla þjóð, miklum mun óandlegri og ákaflega miklum mun ómentaðri en hinar miklu mentaþjóðir í Austurlöndum.*

* Þegar gyðingdómurinn er rétt skilinn og rétt skýrður, felur hann þó líka í sér sömu kenningarnar, hreinar og háleitar, og önnur trúarbrögð mannkynsins.

Löngu áður en Jehóvah lét Móse boða þjóð sinni, að sá, sem ekki þjónaði sér, skyldi sæta refsingu fram í þriðja og fjórða lið, var jafnhrein og jafngöfug eingyðistrú prédikuð um hásléttarnar í Indlandi, og nú er prédikuð í Norðurálfu, aðalstað kristinnar. Þó voru trúarbrögð hins forna Aryavarta miklu umburðarsamari en kristin trúarbrögð, því að svo stendur í einni af helgibókum Búddhatrúarmanna: „Eg tek við mönnunum, hverninn svo sem þeir nálgast mig, Partha, því að sá vegur, sem þeir koma, er minn vegur, hvaðan, sem hann liggur” (Bhagavad Gita*, IV, 11). Löngu áður en katólska kirkjan hafði gjört þá, er aðhylltust hana að ómentuðum og óhemjulegum böðlaflokki með þessari grimdarlegu kenningu: „extra ecclesiam nulla salus”**, lét hinn mikli frömuður Búddhatrúarinnar, Asoka*** konungur, grafa orð þessi á klett samkvæmt andan-

* Indversk fræðiljóð, kafli úr Mahabarata, sera er sögu-
ljóð, ákaflega löng. *Aths. þýð.*

** Þetta er orðrétt á íslenzku: engin heill utan kirkjunnar. Sá sem ekki er félagsmaður í kristilegri kirkju, á sér engrar miskunar von eptir þessu.

Aths. þýð.

*** Konungur í Dekan á Vestur-Indlandi nálægt 270 árum fyrir fæðingu Krists. *Aths. þýð.*

um í trúarbrögðum sínum: „Menn styrkja ekki trúarfélag sitt á vegferð þess með því að sverta önnur trúarbrögð eða rægja þau að ás'tæðulausu, heldur með því að sýna þeim ávalt þá virðingu, er þeim ber, og af þessu hafa hin trúarbrögðin líka gagn. Ef menn breyttu öðruvísi, þá myndu menn spilla fyrir trúarbrögðum sjálfs sín og vinna öðrum trúarbrögðum mein.” Löngu áður en Móse birti hið heiðinglega lögmál sitt: „auga fyrir auga og tönn fyrir tönn”, kendu lög Manú's* í Indlandi, að „sá, sem fyrirgefur iðrunarfullum manni, er hefir gjört honum rangt til, hlýtur sæmd í himnaríki” (VIII. bók, 312. shloka). Og fimm hundruðum ára fyrir fæðingu Krists kom Konfútse fram í Kína með þessa spaklegu kenningu: „Það, sem þér viljið að mennirnir gjöri yður, skuluð þér líka gjöra þeim.”

Á vorum dögum eru orðin trúarbrögð og kristni ekki lengur sömu þýðingar, og Jesús frá Nazaret er ekki sá eini „frelsari”, sem til hefir verið. Trúarbrögð Hindúa, Búddhatrúin,

* Forsöguleg persóna í trúarbrögðum Brahmatrúarmanna. Honum eru eignuð elztu lög Indverja. Shloka svarar auðsjáanlega til greina í lögum. *Aths. þýð.*

Zóróasterstrúin, Konfútsestrúin, Taóstrúin og íslam eru líka fjölmenn heimstrúarbrögð, og öll eiga þau frelsara og spámenn. Kristnin er enn fremur ekki ein um að prédika, að guð beri umhyggju fyrir öllum sköpuðum skepnum, þótt ósýnilegt sé, að sál mannsins sé ódauðleg, og að skilyrðin fyrir eilífri sáluhjálpi séu þau, að hún frelsist frá villum, synd og vanþekkingu. Vísindagrein sú, sem fæst við að bera trúarbrögðin saman, hefir sýnt fyllilega fram á, að öllum aðaltrúarbrögðunum ber saman í öllum aðalefnum. Þau hafa öll kent, að mannsandinn stæði í sonarlegu sambandi við guð, að hann væri ódauðlegur, og að hann ætti í siðferðislegri baráttu við hið illa. Þau hafa líka öll verið andlegi þátturinn í geysimiklum þjóðmenningarkerfum, og hafa lagt mannkyninu siðferðislegt lið á leið þess að hinu ókunna takmarki.

Á öldinni, sem leið, hafa mörg sýnishorn af heilögum fornaldarritum Indverja verið gefin út í Vesturlöndum, og við það hefir Norðurálfu fénast ómetanleg viðbót við þau trúarbragðalegu og heimspekislegu heimildarrit, sem áður voru til. Það er sérstaklega að

þakka þessutn ritum, að hjart ljós hefir lagt bæði á öll trúarbragðaleg málefni og svo frumsögu gyðingdómsins, og kristninnar. Því fer svo fjarri, að kristnin sé afkvæmi gyðingdómsins eptir eðlilegum og sjálfstæðum þroskunarreglum, að hann er miklu fremur samsteypa úr ýmsum austurlenzkum frumatriðum að sumu leyti, en að sumu leyti byggist hann á hinni and-gyðinglegu heimsskoðun, sem Jesús Kristur boðaði, eins og eðlilegt er.

Að hinu leytinu er auðið að leysa úr ýmsum trúarbragðalegum og heimspekislegum vandamálum, sem kristnir trúarbragðakennendur hafa aldrei getað leyst úr, þegar þau eru rannsökuð við ljós indverskrar hugsunar.* Immanuel Kant hefir þegar sýnt fram á, að staðhæfingar trúarbragðanna eru fjarstæðar frá vísindalegu heimspekis-sjónarmiði. Eptir því, sem hann segir, flytja trúarbrögðin aðallega þrjár frumeðliskenningar: 1) tilveru guðs, 2) ódauðleik sálarinnar og 3) frelsi vilj-

* Það sem hér fer á eptir styðst við: *Paul Deussen*, Allgemeine Geschichte der Philosophie, mit besonderer Berücksichtigung der Religionen. Erster Band, zweite Abteilung: Die Philosophie der Upanishads. Leipzig, 1899.

ans. Þrír eiginleikar alheimsins, eins og vér þekkjum hann, mæla aptur á móti staðhæfingum trúarbragðanna. Í fyrsta lagi er rúmið (geimurinn) óendanlegt. Utan við það getur ekkert verið til, og innan í því getur það eitt verið til, sem fyllir rúmið, þ. e. efni. Hvað er þá guð? Í öðru lagi er tíminn háður því lög máli, að alt, sem verður til í tímanum, hverfur líka í tímanum. Hvað verður þá af ódauðleik mannsins? Í þriðja lagi er orsakasambandslög málið algilt á þann hátt, að hver athöfn og þá líka hver mannleg athöfn er alveg nauðsynleg afleiðing af orsökum, sem gengnar eru á undan, orsökum, sem vér höfurn ekki vald yfir, meðan athöfnin fer fram. Í hverju er þá frelsi viljans fólgið?

Hugsun vor sýnir oss fram á, að ómögulegt sé, að guð sé til fyrir utan heiminn eða jafnhliða honum. Ef verandheimurinn er verulegur með hinnum sínum og helvítum, þá er enginn alsérstæður guð til, því að ekki geta tveir sannleikar verið til. Hugsun vor sýnir oss líka, að ef líkamlega lífið er hið verulega líf, þá eigum vér hvorki ódauðlegar sálir né frjálstan vilja, því að alt sem hefir vissa lögun, á eyð-

ingu fyrir höndum, og öll lífsmörk eru lögum háð.

Eru þá staðhæfingar trúarbragðanna fjarstæðar og festulausar? Því fer fjarri, því að hér veita vísindi Austurlanda oss lið.

Eptir þeim er þessi setning grundvöllurinn undir öllu trúarlífi og allri heimspekislegri hugsun: Það er ekki til nema einn sannleiki, einn veruleiki — Brahman eða guð, það óskýranlega, sem er „neti, neti”, hvorki á þennan hátt eða annan. Alt annað, allur hinn óendanlegi alheimur með öllu, sem í honum er, er maya, talsýn, sjónhverfingar.

Ouð er því ekki Jehóvah, sem á himnum býr. Hann er ekkí persónulegur drottinn, eins og guðsverutrúin og guðstrúin kenna, en hann er ekki heldur tótleikinn í guðsafneitanartrúnni, heldur er guð alstaðar nálægur veruleiki, sem heimurinn er efnisleg tálmynd af. Heimurinn er tótleikur, blekkíng, voldugur drottinn, en guð er fylling, sannleikur, faðir mannkynsins, þótt ekki beri á því.

Þessi staðhæfing, að heimurinn sé ekki til svo sem sjálfstæður veruleiki, hefir aptur markverðar afleiðingar í för með sér. Trúarbrögðin

segja, að sál mannsins sé ódauðleg. Nú geta ekki verið til tveir ódauðleikar, tveir eiiðfir veruleikar, og þess vegna getur sál mannsins ekki verið annað en—guð. Atman er=Brahma. „Aham brahmasní = eg er Brahma.” „Eg og faðirinn. erum eitt.” Ef maðurinn er ódauðlegur, þá er hann; það í guði, ódauðleikanum sjálfum. Ef maðurinn á frjálsan vilja, þá er það af því, að hann er guð sjálfur, hin alsérstæða, óháða vera. Þó að maðurinn sé andleg vera, er hann hvorki ódauðlegur né gæddur frjálsum vilja. Það er að eins guð í manninum, sem er hvort tveggja í sjálfum sér.

Hvað verður annars fyrir oss, þegar vér litumst um í heiminum? Vanþekking, avidya. Mennirnir vita ekki, að þeir eru guð, og þó að þeir kunni að hafa hugsað sér það, þá breyta þeir þó ekki eptir því. Ef einhver segir þeim sannleikann, og leitast við að breyta eptir honum, þá brenna þeir hann, eða festa hann á kross. Mennirnir vaða í yllu og svíma. Samsara heldur þeim föstum eins og net. Þeir virða guðseðli sitt vettugi, láta sér nægja með efnið, tímann og orsakalögmálið, og eru háðir þessu öllu. Og þeir skulu dauða deyja.

Hvað eru trúarbrögðin? Hrópandr raddir: „frelsið yður, bjargið yður!” Þá er einhver björgun til. Hverninn er henni háttað?

Ef maðurinn er guð í raun rétttri, en veit ekki af því, þegar hann nýtur venjuvitundar sinnar, þá hlýtur honum að vera mögulegt að komast til vitundar um, að hann er sjálfur guð, ef ódauðleiki hans og frjáls vilji hans er byggður á nokkurri skynsemi. Það að öðlast þessa þekkingu er björgunin, moksha.

Hvað öðlast maðurinn við björgunina? Er það að eins losnun úr fjötrum vanþekkingarinnar? Nei. Vanþekkingin er að vísu rótin til als ils, en það er einmitt þetta illa, sem maðurinn frelsast frá. Tilvera mannsins er þrungin þjáningum, og allir menn leita sælu. Friður sá, sem samfara er moksha, er hin sanna sæla. Í tálheimi getur ekki verið til önnur sæla en talsæia.

Þetta málefni stendur í sambandi við dauðann. Margir hyggja, að dauðinn sé bjargvættur, frelsari frá þrautum og þjáningum, en þetta getur ekki átt sér stað í lögbundnum alheimi. Meðan maðurinn er á lífi, hefir hann hleypt af stað fjölda af orsökum með hugsunum sín-

um, orðum og gjörðum. Þessar orsakir verða ekki afplánaðar á annan hátt, en að veita afleiðingunum viðtöku, og hvenær koma þessar afleiðingar í ljós? Eptir dauðann, en ekki í eilífu ástandi á einhvern hátt. Engin eilífð er til nema guð, og auk þess er eilíf sæla og eilíf kvöl bæði ranglát og ósamræmileg við alt lögmál. Ávextirnir af lífi mannsins koma því fram á einhvern annan hátt en þennan, og þessi háttur getur ekki verið neitt annað en hringferð lífsins, samsara. Afleiðingarnar koma fram á sama grundvelli, og orsakirnar urðu til á. Hugsanir, orð og verk einhverrar persónu skapa af sjálfu sér nýja persónu, og maðurinn er því, ef svo má segja, bundinn við hjól endurborningarinnar (holdtekkjunnar). Honum er skapað, að hann fæðist og deyi aptur og aptur, að hann sæti öllum þrautum og allri gleði, sem jarðlífið á til, alt þangað til hann öðlast andlega frelsun með því að hefja vitund sína upp til þess, sem eilíft er í honum.

Hverninn getur þetta nú átt sér stað? Þar sem frelsunin er fólgin í því, að vitund mannsins sannreyni hina andlegu einingu allífsins,

þá getur maðurinn ekki öðlast hana, nema hann kosti kaps um að stefna að þessu takmarki. Maðurinn verður að reyna til þess að sameina hina andlegu einingu sjálfs sín við heims-allífið. Hann verður að komast að raun um, að „eg” og „þú” eru tálhugmyndir, að þær eru að eins tálmyndir í spegli efnisins af hinnari verulegu yfirpersónu, sem að eins er ein. Ef talað er frá siðgæðislegu sjónarmiði, þá verður maðurinn að læra kenningar ósérplægninnar, mannelkunnar og sjálfsfórinnar og ganga veg hins góða vilja.

En er það ekki einmitt þetta, sem öll aðaltrúarbrögð brýna fyrir mönnum? Sum flytja siðferðislögmál, og lofa launum, eða hótta refsingu (Gamla testamentið), sum boða aptur þeim, sem eru andlega þroskaðir, fagnaðarboðskap frelsunarinnar, endurfæðingu viljans, og að skynsemin verði að sannri þekkingu, en lofa engurn öðrum launum en þekkingu á sannleikanum (Nýja testamentið). „Elskið hvorir aðra —elska náunga þinn eins og sjálfan þig,” segir Biblían, og Veda* bætir við til skýringu-

* Vedabækurnar eru helgibækur Indverja, fornar mjög, ritaðar á sanskrít. *Aths. þýð.*

ar: „þar sem náungi þinn er í raun rétttri þú sjálfur, og það, sem greinir þig frá honum, er að eins tálstýn”.

Kristin trúarbrögð leggja aðaláherzluna á endurfæðingu viljans, því að þau líta svo á, að heimurinn sé ríki syndarinnar. Trúarbrögð Úpanishadanna* leggja aptur áherzlu á viðreisn skynseminnar, því að þau telja heiminn ríki villunnar. Trúarbrögð þessi eru hvor öðrun til fyllingar í raun rétttri. Fyrst er skynsamleg sannfæring, þá kemur siðferðisleg baráttu og þá fullkomin þekking. Ekkert ytra snið fullnægir þessum trúarbrögðum. Frelsunin er hvorki fólgin í góðverkum, helgisiðum né trú. Hún er fólgin í því, að maðurinn renni saman við guð á andlegan hátt, og óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því er, að alt mannsæðlið breytist gagngjört.

Í sjálfu sér er maðurinn ófullkominn, van-kunnandi, samkvæmt framgetningarhætti Austurlanda, en undir orpinn synd og dauða samkvæmt orðalagi heilagrar ritningar. Það er að eins guð í manningum, sem er góður, og getur


* Úpanishöðurnar (eint. Úpanishad) teljast til Vedabókanna.

gjört það, sem gott er. Hve erfitt er þó ekki að gjöra sér þetta ljóst, ef vér vitum ekki af neinum öðrum guði en t. d. guði Gamla testamentisins? Það er fyrst, þegar vísindi Austurlanda koma til sögunnar, ljós og auðskilin, að vér getum skilið, hve djúpur sannleikur felst í orðunum: „Guð í oss.“ Guð er ekki ókunn vera, sem fer með oss eins og góða eða vonða þjóna, heldur er hann vort insta eðli, sál vor, hin ódauðlega vitund vor. Vér erum synir hans, nei, vér erum meira. Vér erum hann sjálfur. Líf hans er líf vort, frelsi hans er frelsi vort, sæla hans er sæla vor.

Þetta er einmitt það, sem hin skynsamlegu trúarbrögð framtíðarinnar eiga að kenna oss. Það er als ekkert bráðræði og als ekki rangt að segja, að þau trúarbrögð, sem hver maður, er leitar sannleikans og alt mannkynið, þegar það er komið á slíkt þroskunarstig, þarf á að halda, séu fremur kjarninn úr öllum gömlu trúarbrögðunum en nýjar trúarreglur. Nýju trúarbrögðin eru ekki ný opinberun, heldur hin eina, eilífa opinberun, sem hefir legið til grundvallar fyrir öllum götnlu trúarbrögðunum, sú opinberun, sem á rót sína að rekja til

skýnseminnar, sem er bæði mannleg og guðdómleg. Þetta eru þau einu trúarbrögð, sem gjöra játendur sína frjálsa og umburðarlynda bæði á vitsmunalegan hátt og andlegan hátt, og hverninn ættu þeir að vera öðruvísi, þar sem ljós sannleikans ljómar um þá, og þeir sjá sólskinsblíðu þess alstaðar í gegnum þokuna.





TVEIR FRAMTÍÐARMENN

Eg lít nokkuð öðruvísi á aðal-trúarbrögð heimsins, en alment gjörist meðal þeirra, sem fást við að bera trúarbrögðin saman á vorum dögum. Þeir kannast að vísu við, að trúarbrögðin séu lík hvor öðrum í öllum aðalatriðum, og játa, að þau eigi sameiginlegan uppruna, en þeir vilja láta þennan uppruna vera vanþekkingu mannsins, ótta hans og hræðslu við náttúruöflin, hugsjónagáfu hans, og siðferðislega meðvitund hans.

Eg læt líka trúarbrögð þau, sem um er að ræða, eiga sömu upptök, en þessi upptök eru ekki vanþekking mannsins, heldur þekking hans, hin guðborna skynsemi mannsins. Trúar-

brögð Austurlanda og Vesturlanda kenna mér það sama, sem trúarbrögð framtíðarinnar kenna mér.

Öllum aðalkenningum hefir einhver boðari eða stofnari rutt braut í byrjun. Hann hefir verið gagntekinn af hinum andlegu þörfum tímans, og hann hefir jafnframt veitt þeim úrlausn, en þar sem hinar andlegu þarfir mannkynsins hafa ávalt verið, og eru þær sömu, þá er úrlausnin að eins ein, þótt hún hafi verið sett fram á mismunandi hátt, eptir því, hverninn stóð á tíma, og hver þjóðin var.

Í raun rétttri er það hrapallegt ranglæti að kenna þessum forgöngumönnum als mannkynsins um þær öfgar, sem bornar hafa verið á borð fyrir mennina og nefndar trúarbrögð, nokru eptir, að þeir voru uppi, og vera má, að þess verði langt að bíða, að trúarfélögin hafi alveg unnið af sér þá skuld, sem þau hafa hlaðið á sig með því að afskræma, rangfæra eða með því að setja alveg hjá kenningar, sem upphaflega voru boðaðar af trúarhöfundum þeim, er þau dýrka nú, og hefja upp til skýjanna.





I. JESÚS

Jesús og Búddha eru tveir þeir mestu fræðarar, sem helgað hafa vesalings heiminn með návist sinni. Þeir eru miklir, ekki að eins af því, að breytni þeirra var svo flekklaus, að ekki eru dæmi til slíks, ekki að eins af því, að andi þeirra var öflugur og framkoma þeirra full gæzku, heldur og af því, að þeir hafa látið sér eptir mjög mikilsverðan arf, hin óbrotnu og djúpu vísdómsorð sín.

Kirkjan hefir gjört Jesús að grátgjörnum og óskiljanlegum guði, en þegar eg les guðspjöllin við ljós skynsemi sjálfs mín, kemur hann mér fyrir sjónir eins og mentaður maður og sannarlegur postuli skynseminnar. Áður var hann mér óskiljanlegur, guðdómlegur leikari, og mér fanst hið „sanna manneðli“ hans ekkert koma mér við, en nú verður hann mér vinur og

bróðir, sama eðlis og eg sjálfur, þótt hann sé óendanlega miklum mun vitrari, reyndari og sterkari. Hvað var hann annað en maður, skynsamur og blátt áfram, þegar hann mælti þessum merkilegu orðum við unglinginn, sem féll á kné fyrir honum: „Því kallar þú mig góðan? Enginn er góður nema guð einn“? Eg tel heldur ekki yfirburði hans sjálfsagða lengur, og þeir liggja mér ekki í léttu rúmi. Eg tel þá miklu fremur hinn bezta fyrirboða fyrir framtíð minni: „Þau verk, sem eg gjöri, skuldu þér og gjöra.“

Kenning Jesú er jafnóbrotin og hún er djúpsæ. „Guð er andi,“ sagði hann (Jóh. guðspj. IV, 24), og í fyrsta bréfi Jóhannesar er hugmyndin guð skýrð á sama hátt í raun rétttri, þó að orðin séu önnur: Þar er sagt: „Guð er kærleikur“ (IV, 8). Hvað er nú kærleikurinn? Þegar tvær verur elska hvor aðra, þá eru þær tengdar saman með ósýnilegum böndum, sem neyða þær til þess að lifa í meira eða minna samræmi hvora við aðra, eins og þær hefðu eina hugsun og einn vilja, því að kærleikurinn er sameinandi afl. Alsherjarkærleikurinn er samkvæmt þessu það afl eða það líf, sem tengir

saman allar lifandi verur og alla heima hvern við annan, og gjörir alt þetta að einni, stórrí heild eða með öðrum orðum: Quð er hið sameinandi frumafl í alheiminum, sú eining, sem liggur til grundvallar fyrir margfaldleik þess, er vér skynjum, afl aflanna, andinn, sem hylur sig bak við miljónir miljóna af myndum (formum).

, Næst guði gengur hin hreinasta („mest elskaða“) opinberun andans í heimsheildinni, en það er ljósið eða skynsemin*, sem hefir áhrif á hana. Jesús nefnir það því „guðs son“ á guðfræðisnáli sínu, en frumandinn sjálfur varð við það að „föður“. Jesús nefnir þetta ljós líka „mannsins son“, sem á að merkja skynsemina, er hefir tekið sér bústað hjá mannum.

* Logos eða „orð“ hjá ný-Platónungum og í guðsspjalli Jóhannesar, sem „var hjá guði, og orðið var guð“ (Jóh. guðsspj. I, 1). Guð er heimsskynsemin óopinberuð eða, meðan hún heldur kyrru fyrir. Orðið er skynsemin svo ' sem framkvæmdarafl. Þetta' tvent er eitt, eins og eðlilegt er. Fyrir orðið, skynsemina, eru allir hlutir gjörðir (I, 2). Alt er til í skynseminni og fyrir hana. Þetta er óblandin fjölgyðistrú, en náttúran er ekki gjörð að guði. (Ný-Platóningar voru heimspekingar, heimspekilegur flokkur, sem var uppi nokru fyrir og eptir daga Krists. Kenningar þeirra voru ekki ósvipaðar kenningu Búddha, eins og hún kemur fram í bók þessari. *Aths. þýð.*)

Skynsemin er því tvíhliðuð: Öðru megin er heims-skynsemin (guðs son), hið hreina, ódapr-
aða ljós, sem er fullkomin mynd hins guð-
dómlega kærleiks. Hinu meg-in er skynsemi
sú, sem gefin er hverjum manni (mannsins
son), klædd myrkri holdsins og óskýr vegna
líkamleikans. Þó er þessi tvens konar skyn-
semi eitt að eðli til.

Þar sem maðurinn er gæddur guðborinni
skynsemi, er hann milliliður milli guðs og
heimsins, einingar og tvístrunar. Hið sanna líf
hans er líf í skynsemi, sem leiðir hann til kær-
leikans, er sameinar alt, og þetta líf kallar Jesús
guðsríki eða himnaríki, þar sem faðirinn býr.
„Guðs ríki er hið inna í yður” (Lúk. guðsspj.
XVII, 21). „Enginn kemur til föðursins (kær-
leikans) nema fyrir soninn (skynsemina). Sá sem
hatar skynsemina, hatar og kærleikann” (Jóh.
guðsspj. XIV, 6 og XV, 23).

Jesús hefir sjálfur gengið hinn þrönga veg,
og gengið gegnum hið þrönga hlið, sem ligg-
ur inn til himnaríkis, og þess vegna segir
hann við lærisveina sína: „Fylgið mér.” Sá
sem ekki „ber sinn eiginn kross”, og fylgir
honum, hann er ekki lærisveinn hans, hann er

ekki verður hans (Lúk. guðsspj. XIV, 27 og víðar). Jesús hefir öðlast þann frið, sem ræður í guðsríki, og notið gleði himnaríkis, og alt lífsstarf hans miðar að því að kenna mönnum, hverninn þeir eigi að öðlast sömu sælu. Það er ekki ástæðulaust, að hann nefnir sjálfan sig „hinn góða hirði“.

Fræðsla Jesú um leiðina til hins sanna lífs er mjög ljós og auðskilin. Það er kenning skynseminnar, sem hann boðar. Hann segir, að það líf, sem mannkynið lifir alment, sé líkt breiðum vegi, sem auðvelt sé og þægilegt að ganga, en hið sanna líf heimtar í byrjun ósérplægni, og að menn afneiti sjálfum sér (óæðra menninu). Áður en maðurinn getur öðlast þetta nýja líf, og „endurfæðst“, ef svo má segja, verður hann að æskja þess, leita þess og leggja alla stund á að geta tekið þátt í því, og Jesús hvetur bræður sína til þess að leita þess (Matt. guðsspj. VII, 7 og víðar). Er ekki, eins og hann snúi sér sérstaklega að þeim, sem eru ungir, þeim, sem hafa ekki ennþá fallið fyrir freistingum heimsins, þegar hann mælir þessum stórkostlegu orðum: „Verið ekki hugsjúkir fyrir lífi yðar, hvað þér skuluð

eta eða, hvað þér skuluð drekka, ekki heldur fyrir líkama yðar, hverju þér skuluð klæðast . . . en leitið fyrst guðsríkis, og þá mun alt þetta veitast yður” (Matt. guðsspj. VI, 25 — 34)?

Maðurinn á að hlýða rödd skynseminnar og gegna ekki girndum hins óæðra eðlis síns. Það freistar til reiði, en Jesús segir: „Reiðist ekki.” Það freistar til holdsnautnar, en Jesús segir: „Þú skalt ekki líta á konu með girndarhug.” Það freistar til lyga, en Jesús segir: „Þér eigið als ekki að sverja... en ræða yðar skal vera já, já, nei, nei.” Það freistar til drambsemi, ágengni og hefnda, en Jesús segir: Þér skuluð ekki rísa gegn meingjörðamanninum, veitið honum ekki mótstöðu, og takist ekki á hendur að refsa honum. Það freistar til eigingirni, til þess að menn leiti hamingju og hagnaðar fyrir sjálfa sig, vini sína og vandamenn, þó að ilt leiði af því fyrir aðra, en Jesús segir: Þér eruð allir bræður. Elskið vini og óvini jafnt (Matt. guðsspj. V. kap.).

Hið sanna líf er í því fólgið, að maðurinn viðurkenni og dýrki hinn sanna guð heimsheildarinnar, skynsemina, með því að „hefja upp mannsins son” (Jóh. guðsspj. III, 14) og

trúa á skynsemina inna með sjálfum sér. Við það kemst maðurinn til sonarins og föðursins, og verður fullkominn og miskunsamur, eins og hinn himneski faðir hans er það (Matt. guðsspj. V, 48 og Lúk. guðsspj. VI, 36). Þá getur hann sagt um sjálfan sig eins og Jesús: „Eg og faðirinn erum eitt” (Jóh. guðsspj. X, 30 og víðar). Það bar við, að Jesús var svo fullur af anda guðs, að hann talaði um guðsson eða heimsskynsemina í fyrstu persónu (nærri því alstaðar í guðsspjalli Jóhannesar), og maðurinn hefir sannlega rétt til þess, þegar skynsemi hans er komin í svo algerða sameiningu við guðdómlega skynsemi, að ekki er lengur um tvent að ræða, heldur að eins eitt. Hið sanna líf, sem Jesús prédikaði, er einmitt sú „þekking á sannleikanum”, sem trúarbrögð framtíðarinnar munu boða. Jesús hefir sjálfur hugsað eitthvað í þá áttina. Hann segir um sjálfan sig: „Til þess er eg fæddur, og til þess kom eg í heiminn, að eg skuli vitna um sannleikann” (Jóh. guðsspj. XVIII, 37). Og lærisveinum sínum lofar hann því, að þeir skulu »ekki ganga í myrkrinu, heldur hafa ljós lífsins” (Jóh. guðsspj. VIII, 12), að þeir

skulu „þekkja sannleikann” (Jóh. guðsspj. VIII, 32), og að andi sannleikans skuli kenna þeim alt (Jóh. guðsspj. XIV, 16, 17, 26).

Prestunum hefir ávalt skjátlast í því, að þeir hafa viljað prédika sannleikann, áður en þeir þektu hann, að þeir hafa þótst hafa náð í sannleikann, áður en þeir höfðu fyllt skilyrðin fyrir því að finna hann, en yfirsjón kirknanna er í því fólgin, að þær hafa haldið, að þær hafi öðlast sannleikann, þar sem þær höfðu í vörzlum sínum þekkinguna á leið þeirri, er menn þurfa að fara til þess að finna sannleikann, — og svo hafa þær jafnvel mist sjónar á veginum. Af þessari yfirsjón hefir leitt margt og mikið illt.

Svo er, sem Jesús mælti: „Vei yður, þér lögvitringar, því að þér hafið tekið burtu lykil þekkingarinnar. Sjálfir hafið þér ekki farið inn, og þá, sem voru að fara inn, hindruðuð þér í því” (Lúk. guðsspj. XI, 52i). En nú er sá tími runninn upp, að jafnvel óbreytt alþýða hefir náð í „lykilinn”, og „dæmir af sjálfri sér hvað rétt er” (Lúk. guðsspj. XII. 57), svo að eg færi til orð Jesú sjálfs.





II. BÚDDHA

Hinn mikli fyrirrennari Jesú, Búddha, hefir sett fram sömu kenningarnar og J'esús, eptir því,

sem þær koma fram í guðsspjöllunum, en, ef til vill, ennþá ljósara og fullkomnara en hann. Þetta er kynlegt, en þó gleðilegt. Jesús talaði aldrei jafnljóst og Búddha, þegar hann sagði: „Sæll er sá, sem hefir yfirbugað alla eigingirni. Sæll er sá, sem hefir öðlast friðinn. Sæll er sá, sem hefir fundið sannleikann ... Enginn annar frelsari er til í heiminum en sannleikurinn. Treystið sannleikanum. Sannleikurinn er hollur, sannleikurinn er háleitur, sannleikurinn stendur til eilífdar. Enginn ódauðleiki er til annar en sannleikurinn, því að ekkert annað en sannleikurinn verður ávalt til,” * Búddha sagði líka:

* Tilvitnanirnar eru teknar eptir þýzkri þýðingu af The Gospel of Buddha, according to old records eptir Paul Carus. Þýðingin er eptir F. Hartmann.

„Trúið aldrei neinu af þeirri ástæðu, að einhver segi yður það, eða af því að það sé skrifað. Trúið heldur því einu, sem skynsemi sjálfra yðar stendur í samhljóðan við.”

Samkvæmt kenningu Búddha er ekki til nema einn veruleikur, sannleikurinn. Alt annað er tál eða maya. Sannleikurinn er hið sanna líf heimsheildarinnar, það eilífa, sem stendur stöðugt mitt í hverfuleik tilverunnar. Sannleikurinn er friðurinn, sælan, og ódauðleikinn, það eina, sem 'til' er af sjálfu sér og í sjálfu sér. *

„En allir hlutir, sem saman eru settir, munu leysast í sundur aptur, heimarnir munu brotna í sundur, og einstaklings-tilverur vorar munu liðast í sundur.”

Sál mannsins veldur því, að hann er eins og liður milli sannleikans og tálsins. Hann á þátt í sannleikanum í djúpi eðlis síns, en vitund hans dvelur einkum í ríki tálsins, heiminum. Hann þekkir ekki hið verulega eðli sjálfs sín, sannleikann.

En í heiminum er alt sorg og sárindi og barátta. Það, að maðurinn sé til svo sem per-

* Við sannleikann skilur Búddha það sama, sem Jesús skildi við föðurinn eða guð.

sónuleg vera, er rótin til allrar eymdar hans, því að fráskilnaðurinn getur ekki valdið langvinri sælu. Því segir Búddha, að „vanþekkingin sé rótin til als ils”.

Maðurinn er þó als ekki dæmdur til þess að lifa og deyja í vanþekkingu. Vitund hans getur horfið frá Samsara til Nirvana, frá hinni dauðlegu persónu hans til sannleikans, sem „er hinn ódauðlegi hluti af sálu hans”. Hann frelsast þá frá því, sem ilt er, og flytst inn í „líf sannleikans, sem er sönn sæla”.

Gautama Búddha hafði öðlast þessa þekkingu*. Hann aumkaðist mjög yfir bræður sína, sem ráfuðu í myrkri, og hélt út í heiminn til þess að prédika gleðiboðskapinn um frelsun frá synd, eymd og bágindum. Jesús sagði við lærisveina sína: „Verið hughraustir. Eg hefi sigrað heiminn” (Jóh. guðsspj. XVI, 33). Eins hrópaði Búddha til allra bræðra sinna, er þjáðust að einhverju leyti: „Verið rólegir. Eg hefi fundið sannleikann.” Annar bendir á hina margfaldlegu vanþekkingu, hinn á þekkingu þá, er hann hafi öðlast, en orð beggja óma af ást og miskunn, og hvortveggja orðin bera vitni um

* Búddha þýðir „vaknaður, mentaður”.

ákaflega mikinn mátt, ef báðir mælendurnir hafa fundið hjá sér,

Búddha dró kenningu sína saman í fjóra háleita sannleika, sannleikana um 1) þjáninguna, 2) orsök hennar, 3) endalok hennar og 4) veginn til þess, að hún hætti.

„Sá fyrsti háleiti sannleikur er sá, að þjáning er til. Sorglegt er að fæðast, og sorglegt er að vaxa upp. Sjúkdómurinn er sorglegur, og sorglegur er dauðinn. Hryggilegt er að vera bundinn við það, sem manni geðjast ekki að. Ennþá hryggilegra er að þurfa að skilja við það, sem maður ann, og sár er löngunin eptir því, sem maður getur ekki náð.”

„Sá annar háleiti sannleikur er um orsök þjáningarinnar. Fýsnin er orsök þjáningarinnar. Umheimurinn hefir áhrif á skynjunina, og vekur brennandi löngun, sem heimtar, að henni sé fullnægt sem skjótast. Uppruni eigingirnis-tálsins og opinberun þess, er, að menn halda fast við hlutina. Fýsnin til þess að lifa svo, að menn gleðji sjálfa sig, flækir oss í þjáninganeti. Skerntanirnar eru beitan, og alt endar með harmi og sárindum.

„Sá þriðji háleiti sannleikur er um endalok þjáningarinnar. Sá, sem sigrar sjálfan sig, losnar við fýsnina. Hann langar ekki lengur eptir neinu, og logi fýsnarinnar getur ekki þrifist hjá honum. Þess vegna sloknar hann”

„Sá fjórði háleiti sannleikur er urn hinn áttfalda veg, sem leiðir til þess, að þjáningin hætti. Hverfi eigingirni mannsins fyrir sannleikanum, stefni vilji hans að því, sem hann á að gjöra, kosti hann af alefli kaps um að gegna skyldu sinni, þá er frelsun í aðra hönd. Sá, sem er vitur, á að ganga þennan veg og fella þjáninguna að velli.”

„Hinn áttfaldi vegur er:

1. Réttur skilningur (eða rétt trú, þ. e. á kenningu skynseminnar).
2. Rétt ákvörðun (þ. e. að vilja það, sem menn trúa og skilja).
3. Rétt ræða.
4. Rétt breytni.
5. Rétt Hegðun.
6. Rétt kappkostun.
7. Rétt hugsun.
8. Rétt, friðsamt skapferli.

Þetta er lögmálið. Þetta er sannleikurinn. Þetta eru trúarbrögðin.”

Þekkingin á sannleikanum er fólgin í því, að maðurinn uppræti eigingirnina alveg hjá sér, og í engu öðru. Þótt ekki sé eptir nema skuggi af sjálfselsku hjá manningum, þá dregur þó enn fyrir opinberun sannleikans eða guðs í honum. „Þar, sem eigingirni er, þar er sannleikurinn ekki! Þar, sem sannleikurinn er, þar er engin eigingirni... Tilvera mennisins er tál, og það er ekkert óréttlæti til í heiminum, enginn löstur, engin synd, sem ekki á rót sína að rekja til eigingirninnar.”

„Þráin eptir sannleika er ekki möguleg fyr, en menn kannast við, að menni sjálfra þeirra sé tál. Þá fyrst getum vér verið réttlátir, er vér höfum losað oss við þá þjáningu, sem nefnd er sjálfselska. Fullkominn friður getur ekki ríkt annars staðar en þar, sem allur hégómaskapur er horfinn.”

„Leitið ekki sjálfra yðar*, heldur leitið sannleikans . . . Þér getið gjört sál yðar ódauðlega með því að fylla hana sannleika . . . Haldið yð-

* Þ. e. Sækist ekki eptir veraldlegum gæðum handa sjálfum yður. *Aths. þýð.*

ur'frá syndum, og helgið líf yðar. Enginn annar vegur leiðir til þess að öðlast sannleikann.”

Þessi sjálfsafneitun, sem leiðir til þess, að mennið rennur alveg saman við sannleikann, kom lærðum mönnum í Norðurálfu, sem ekki var ljóst, að Jesús boðaði alveg það sama, svo nýstálega og kynlega fyrir sjónir, að þeir töldu Búddhatrúna trúarbrögð neitunarinnar, bölsýnistrú á æðsta stigi gagnvart hinni skýlausu kenningu kristindómsins, að persóna mannsins sé ódauðleg. Nirvana, það ástand, sem vitund hins fullkomnaða manns kemst í, þýðir að vísu „sloknun”, en eins og vér höfum séð af því, sem á undan er komið, þýðir það ekki, að vitund einstaklingsins slokni, heldur að eins, að allar persónulegar fýsnir verði að engu, öll löngun til þess að vera til sjálfs sín vegna.

En einmitt af því, að skynsemin kennir, að menn þurfi að sigra sjálfa sig, til þess að þekking á sannleikanum geti komið í staðinn, þá er svo erfitt að breyta eptir þessari kenningu. Meðan maðurinn er óandlegur, ann hann engu jafnmikið og sjálfum sér. Þeir hafa ávalt verið tiltölulega fáir, er hafa gengið hinn bratta

og erfiða vág, sem leiðir til „óðauðleika guð-anná”, en megin þorri mannanna saéttir sig: við hin sífeldu umskipti á ánægju og sárindum, sem hið persónulega tállíf hefir í för með sér. „Margir eru kállaðir, en fáir eru út valdir,” sagði Jesús.

Jafnvel Búddha var á báðum áftum um hríð, áður en hann staðréð með sér að böða kenningar sínar opinberlega. Það ef sagt, að 'hánn' háfi ságt við sjálfan sig, eptir að hann hafði öðlast þekkingu sína: „Eg hefi komist eptir hinum dýpsta sannleika, sem er háleitur, og veitir frið, en sem erfitt er að, skilja, þv n að flestir menn bera að eins veraldleg áhugamál fyfir bjóstinu, og leita sælu í eign veraldlegra lilutá Heimsfríaðurinn getur ekki skilið kenrí-ihgu mína. Hann þekkir ekki aðra sælu eo þá, sem fólgin er í eigingirninni, og hann getur ekki skilið þá blessun, sem leiðir af því að gefa sig alveg á vald sannleikanum. Hann kallar það sjálfsafneitun, sem er þeim eindregið yndi, er augun hefir opin. Hann telur eyðing þar, sem aðrir öðlast ódáuðleika. Það telur hann dauða, sem þeir, er sigrað hafa sjálfa sig, telja eilíft líf. Sannleikurinn verður.

hulinn þeim, sem ef þræll haturs og girnda. Lághuga menn, sem eru um kringdir heimslegum áhugaefnum, eins og ský sveimi úmhverfis þá, geta ekki annað en talið Nirvana óskiljanlegt og dularfult. Ef eg færi nú að boða kenningu mína, og mennirnir skildu hana ekki, þá bæri eg ekki ánað úr bítum en fyrirhöfn og erfiðleika.”

Efasemdir Búddha stóðu þó að eins yfir stutta stund. Heimssálin talaði í hugskoti hans, og „blessaður Búddha leit með auga hins upp vakta manns, fullur miskunar, niður á allar verur í heiminum, er hafa nokra tilfinningu, og uppgötvaði meðal þeirra sálir, sem ryk heimsins hafði ekki hrinið á að marki, sem vildu vel, og auðvelt var að fræða. Hann sá nokra menn, sem vissu um hættur þær, er leiðir af girndunum og syndinni... Þá mælti blessaður Búddha: „Opnist hlið ódauðleikans fyrir alla þá, sem hafa eyru til þess að heyra með. Taki þeir við kenningu minni, og trúi á hana!” Því næst fór Búddha úr skógarfylgsni sínu (eins og Jesús fór af eyðimörkinni), og gekk út til mannanna. Í fjörutíu og fimm ár boðaði hann gleðiþoðskap sannleikans og kærleikans með

mesta áhuga, og breiddi út frá sér frið og farsæld, hvar sem hann kom.


Eg lýt þessari hátign. Eg kannast við lítleik minn gagnvart þessum ágæta manni, og þó hefir hann aldrei látið tilbiðja sig, aldrei gert kröfu til guðdómlegra yfirburða með einu orði. „Trúið að eins því af ræðu minni, sem yður líkar vel.” Slík auðmýkt er að eins til hjá þeim, sem hefir gjörhugsað alla hluti, því að Búddha veit jafnframt, að það, sem hann talar, er sannleiki: „Orð Búddha skulu standa til eilífðar,” en hann veit, að allir menn þurfa og eiga að frelsa sig sjálfir ...

* * *

Þegar eg hefi þessi tvö mikilmenni, Búddha og Krist fyrir mér, þá hefi eg fyrir mér alt það bezta, sem mannkynið hefir leitt fram bæði í Austurlöndum og Vesturlöndum. Mér sæmir ekki að koma með nokkurn samanburð á þeim, en þó að það væri gjört, myndi hvorugur þeirra sitja á hakanum. Þeir kunna að vera ólíkir að mörgu leyti og miklu, og byggist sá munur á misjöfnu skaplyndi þeirra, á tímanum, sem þeir lifðu á, þjóðinni, sem þeir lifðu hjá og

tegund erindis þess, er þeim var trúað fyrir, en eitt er líkt með þeim: Þeir lifðu, og dóu fyrir sannleikann. Þeir voru báðir postular hinnar guðdómlegu skynsemi, boðarar hinna eilífu trúarbragða. Austurlönd og Vesturlönd geta tekið höndum saman um þá, og glatt sig. Og þó að hin litla reikistjarna vor liði undir lok á morgun, og hyrfi út í svartnætti geimsins, þá hefði mannkynið ekki lifað fyrir gýg.





ÞRÍR VEGIR

Lífið er eitt, óskipt og eilíft. Lífið er það sama alstaðar og hjá öllum. Maðurinn ber lífið í brjósti sjálfs sín, en þó lifir hann ekki í lífinu, heldur að eins í ímynd þess. Skynsemi hans er hulin þoku, vilji hans er takmarkaður. Hann er dropi í hafinu, en hann skynjar ekki hafið, heldur að eins sjálfan sig. Hann er lokaður inni í skurni, sem varnar honum frá því að renna saman við óendanleikann og eilífðina umhverfis hann. Þetta má nefna vanþekkingu gagnvart hugsun mannsins, en eigingirni gagnvart vilja hans. Hugsunin er óendanlegt afl, og viljinn er eilíft afl, en hjá mannum er hugsunin vankunnandi og viljinn síngjarn.

Hvað er vanþekking, ög hvað er síngirni? Maðurinn er vankunnandi, þegar hann þekkir ekki það, sem satt er. Hvað er það, sem satt er? Það, sem sameinar skynsemi allra í eitt, og nemur burt villurnar. Lífið er eitt, og ekki eign neins sérstaks, en maðurinn heldur, að hann eigi lífið. Hugsun hans fæst við urrihyggju fyrir honum sjálfum í stað þess, að hún á að fást við það, sem er óendanlegt. Hún grefur sig niður í for talsins í stað þess að leika um hina sólbjörtu geima veruleikans, og hún flýr í dal dauðans í stað þess að leita sér hælis á hæðum lífsins. Hún sér ekki sannleikann.

Maðurinn er eigingjarn, þegar hann vill ekki það, sem gott er. Hvað er það, sem gott er? Það, sem sameinar vilja allra í einn vilja, og nemur burt deilurnar. Frelsið er eitt, frelsi lífsins sjálfs, og ekki einkaréttur fyrir neinn sérstakan, en maðurinn heldur, að hann 'sé frjáls, þó að hann sé takmarkaður. Hann vill því það, sem er þægilegt fyrir sjálfan hann í stað þess að keppa eptir því, sem eilíft er. Vilji hans flækist í neti girndanna í stað þess að þiggja frelsi af anda skynseminnar, og hann

steypir sjálfum sér í hyldýpisgjá eyðingarinnar í stað þess að þenja vængi sína og hefja sig upp til hinna eilífu himna gæzkunnar. Hann vill ekki kærleikann.

En sannleikur lífsins er einn, og vilji lífsins er einn. Þess vegna munu allir menn öðlast frelsun. Þoku vanþekkingarinnar mun verða dreift, og grindur eigingirninnar munu verða brotnar niður. Maðurinn mun samlagast uppruna sínum, finna sannleikann í hugsun sinni og kærleikann í vilja sínum, og renna saman við lífið sjálft.

Þrír vegir leiða til þessa takmarks. Tveir fyrri vegirnir eru náttúra, þriðji vegurinn er í valdi mannsins sjálfs.

Fyrsti vegurinn er vegur sannleikans.

Eðli mannsins sjálfs hrindir honum frá lyginni, og dregur hann ómótstæðilega að því, sem rétt er og satt. Eins og maðurinn ann góðri líkamlegri sjón, en ekki augum, sem eru döpur, blind eða vansýn, eins þráir hann líka, að skynsemi hans, sem er auga sálarinnar, sé ótrufluð og opin sannleikanum, og eins og líkamleg sjón skerpist og hvesst við sífelda og daglega iðkun, eins skerpist og eflist skyn-

semi mannsins við það að standa í sífeldu sambandi við hina margháttuðu og misjöfnu tilburði, er koma fyrir í skóla lífsins.

Í upphafi lætur skynsemin hið persónulega menni mannsins ráða öllu við sig, og sér um þarfir þess, nautnir þess og hamingju þess. Við þetta kemst maðurinn inn í mannfélagsþvögu líkamlegra og siðferðislegra vandræða, en það er eðlileg afleiðing af því, að hann berst ekki einn fyrir persónulegri vellíðun, heldur menn svo þúsundum skiptir. Skynsemin verður því að búa sér til rökréttar fræðikenningar, hverja eptir aðra, til þess að réttlæta líf sjálfra sín og komast eptir sannleikanum í því. Þrautir lífsins rýra smátt og smátt eigingirni mánnnsins, en jafnframt kemst meira og meira af ljósi sannleikans inn í hyggju hans, svo að hann kemst að lokum að raun um, að alt rökleiðslubrall skynsemi hans var einskisvert. Þá varpar hin þreytta hugsun mannsins öllum fræðikenningum útbyrðis og rennur saman við hina guðdómlegu skynsemi sannleikans sjálfs.

Vanþekkingin er að velli lögð, og þekkingin hefir frelsað manninn.

Þetta er fyrsti vegurinn.

Annar vegurinn er vegur kærleikarís.

Það leiðir af eðli mannsins, að hann hefir óbeit á ílsku óg hatri, en laðast ósjálfrátt að kærleik og gæzku. Eins og maðurinn ann heilbrigðum líkama og heilbrigðum limum, sem hann getur skynjað með tálmanalaust, og hreift sig með hindranalaust, eins dáist hann líka að góðum og öflugum vilja, hugrekki, þolgæði, valdi og frelsi. Og eins og vöðvarnir herðast og taugarnar stælast við líkamlega starfsemi á degi hverjum, eins þroskast, og eflist viljinn, þegar á móti blæs í skóla lífsins.

Í upphafi verður vilji mannsins starfsmaður hjá fýsnum hans, og stefnir að því að fullnægja dutlungum og óskum mennisins, en við þetta lendir honum saman við aðra vilja, er stefna að því sama, og þá verður maðurinn fyrir sorgum og hörmum og þrautum, sem narta í eigingirni hans, þangað til hann verður leiður á henni. Allir menn hafa og farið eptir hvötum hjarta síns, og gjört einhver góð verk. Og eptir því, sem eigingirni mannsins eyðist, eptir því geislar meira af hita gæzkunnar út frá honum. Hann leggur himneskar brýr milli

sálar sinnar og annara sálna. Loksins rekur' að því, að alt það gott, sem maðurinn hefir gjört, hverfur aftur til sjálfs hans, og mylur sundur seinustu leifarnar af eigingirnisskurninu, sem hann hefir verið byrgður inni í. Þá er maðurinn orðinn að frelsuðum anda, sem þekkir samband sitt, samræmi sitt, við alt umhverfis sig, og helgar starfsemi kærleikans hinn hreinsaða vilja sinn með fullri vitund.

Eigingirninn er lögð að velli, og miskunsemin hefir frelsað manninn.

Þetta er annar vegurinn.

Vegirnir eru tveir, en eptir því, sem þeir nálgast meir takmarkið, eptir því renna þeir meir saman. Hjá sumum mönnum virðist vitið að vísu vera vel þroskað, en góðvild hjartans á lágu stigi, og á hinn bóginn eru menn vanir að segja, að góðsemin sé heimsk, en gleðilegt er að vita til þess, að hjá fullkomnuðum mönnum eru skynsemi og vilji eitt, því að þá er hvort tveggja komið á svo hátt stig, sem auðið er.

Það eru þó ekki allir menn, er ganga þessa vegi, sem náttúran hefir bent þeim á. Margir tétja þá of hægfarna, of auðvelda og of til-

breytingarlausa, en fyrir þess konar menn er þriðji vegurinn til.

Þessi þriðji vegur er vegur fegurðarinnar. Það mætti og nefna hann veg hins frjálsa vilja eða veg skynseminnar eða þann inri veg eða þann dulda veg, því að maðurinn gengur þennan veg, þegar hann hefir fengið vitneskju um báða hina vegina. Hvað er sem sé fólgið í hugmyndinni fegurð? Vér nefnum það fagurt, sem vekur hjá oss þægilegar tilfinningar, sem laðar oss að sér, og örfar löngun vora, en þegar vér þekkjum markmið lífsins og þá vegi, sem „leiða til guðs”, þá hefir það sömu áhrif á oss, og vér sjáum fagra sjón, og vér finnum hjá oss þrá eptir hinu fullkomna lífi, er vakir fyrir oss í fjarska.

Þroskunarlögmálið er efalaust lögmál, sem alt í alheiminum er háð, og efalaust ber hin völduga bylgja þess manneinstaklingana að ströndum lífsins fyr eða seinna. Maðurinn er þó ekki neyddur til þess að velkjast ráðlauslega um haf tállífsins innan um flök af svikum um vonum og rofnum eiðum, í von um, að hagstæður vindur beri hann að bjargarströnd. Hann kann að synda, og, ef hann leggur framt

á að hlusta, heyrir hann hvetjandi köll til þeirra, sem komnir eru á land, og leggja nú út á bátum til þess að bjarga bágstöddum bræðrum sínum. Vonin hvetur hann, og köllin styrkja hann. Maðurinn sér landið í fjarska eins og í leiðslu, og tekur á öllu því, sem hann á til, og bræður hans bjarga honum upp í bátinn, einmitt þegar hann finnur, að kraptar hans eru að þrotum komnir.

Maðurinn er skynsemi gædd vera, og vegna þessa æðra eðlis síns, sem líka hefir gætt hann samvizkunni, þessum leiðarsteini viljans, er hann gagntekinn löngun eptir farsæld, gleði, frið, ást, öllu því, í einu orði, sem ekki virðist geta átt við eigingirnishagi þá, sem ríkja á jörðunni. Maðurinn þekkir ekki upptökin til þessarar þráar, og þegar hann sér, að hinir fegurstu draumar hans verða að engu, hyggur hann, að svona verði lífið til eilífðar, og, að vísindalega þur og miskunarlaus lög stjórnar heimsheildinni. Hann sér ekki, að heimstjórninni er ekki að kenna um vonbrigði hans, heldur sjálfum honum, að það er óskynsemi sjálfs hans, eigingirni sjálfs hans, sem stendur

eins og veggur á milli hugsjóna þráar hans og fullnægingar þeirra.

En þegar maðurinn kemst að raun um, að hann er sjálfur skynsemi gædd vera, kemst að raun um hæfileika sína og ætlunarverk sín, þá kemst hann líka að raun um, að það æðsta, sem hann á til, er líka það verulegasta, að það fegursta, sem hann dreymdi um, meðan hann var barn og unglingur, var líka það sannasta og bezta. Og hann hnígur í sæla leiðslu, þegar hann finnur, að lífið, guð, hin mikla nærvera, elskar í raun rétttri einmitt það, sem hann taldi það heilagasta, þegar sakleysileg einfeldni kom yfir hann, en séni hann taldi aptur það fánýtasta, þegar hann þóttist vera sem skynsamastur, og það er einmitt þetta, sem hefir veitt honum þá nautn, sem ekki verður greind frá fegurðinni, fremur öllu öðru á jörðunni.

Maðurinn verður barn aptur. Hann hefir fengið þessa vitund um þrá sína. Hann ber fult traust til hins guðdómlega burðarréttis æðra eðlis síns, og snýr huga sínum að því lífi, þar sem fegurðin er orðin að veruleik. Hann leitar þess sannleika, sem geti lýst upp skynsemi

hans, og þess kærleika, sem geti vermt vilja hans. Kröfur fýsnanna og smámunaseminnar skyggja ekki Iengur á manninn á þeim vegi, sem hann er nú kominn á, heldur gjörir hann, guðmaðurinn, þar tilkall til valds síns og hins atkvæðamikla réttar síns yfir öllu því, sem er eigingjarnt og eyðanlegt.

Þetta er líf í bæn, því að hugsa með allri sál sinni er að biðjast fyrir. Þetta er guðsþjónustulíf, því að vilja með allri sál sinni er að þjóna guði. Þetta er Líf ráðinna drauma, því að hugsa og vilja sannleik og kærleik með allri sál sinni, er að ganga sigrandi gegnum heiminn.

Í þessu lífi ræður maðurinn sjálfur fyrir forlögum sínum, og á þessum vegi kemst hann skjótara að markmiðinu en með því að halda hina veginna, því að afl sjálfs hans bætist við afl náttúrunnar, og einhvern tímann rekur að því, að maðurinn verður fullkominn að þekkingu, fullkominn að kærleika.

Hlekkina hefir hann brotið, og trú hans hefir frelsað hann.

Þetta er þriðji vegurinn.

Trúarbrögð framtíðarinnar munu boða þessa leið. Í framtíðinni þekkir maðurinn ekki að eins tilburðina í alheiminum, heldur líka skapara þeirra, lífið, og trúarbrögð framtíðarinnar eru trúarbrögð skynseminnar.





RÍKISERFINGINN

Þá sagði hann þeim þessa dæmisögu:

Einu sinni var konungur, sem ætlaði að kjósa sér eptirmann, og hann lét kalla saman unga menn um alt ríki sitt, og mælti til þeirra: Hver yðar, sem segir mér óskir hjarta síns, honum skal verða að þeim.

En hann ætlaði að reyna þá í hjarta þeirra, svo að hann gæti séð, hver þeirra væri verður til þess að verða konungur eptir hann.

Þí mælti konungurinn til þess fyrsta: Hvers óskar þú? Og hann svaraði: Sjá! Eg ann jungfrú, herra, en eg er fátækur, og get ekki kvænst henni, en eg æski þess í hjarta mínu, að eg

gæti það. Og konungurinn mælti: Far þú, og fá hundrað gullpeninga hjá fjárhirði mínum, og kvænst þú jungfrú þinni. Og hann varð mjög glaður, og fór.

Þá mælti konungurinn við þann annan: Hvers óskar þú? Og hann hneigði sig, og mælti: Herra minn og konungur, hinn auðvirðilegi þjónn þinn ber engar stóróskir fyrir brjósti. Hann er ánægður með miklu minna, en bróðir hans fékk. Og konungurinn mælti: Far þú og fá hundrað og tíu gullpeninga hjá fjárhirði mínum. Þá mun hin öfundsjúka græðgi þín seðjast. Og hann fór, og gladdist í hjarta sínu.

En konungurinn mælti til hins þriðja: Hvers óskar þú? Og hann svaraði: Eg er skáld, herra, og mig fýsir, að fjöldi manna heyri til mín, og lofi mig. Og konungurinn mælti: Far þú, og kom til mín á morgun. Þá skaltu fá að gleðja mig og hirð mína með ljóðum þínum. Og hann fór, og þóttist vera mikilmenni.

Þá mælti konungurinn til þess fjórða: Hvers óskar þú? Og hann svaraði: Herra, eg er að rita árbækur þjóðar þinnar, og rnig fýsir að ferðast til útlanda til þess að auðgast að þekk-

ingu, en eg er fátækur. Og konungurinn mælti: Far þú til fjárhirðis míns, og fá hjá honum það, sem þú þarft til ferðarinnar. Og hahn fór, og var þakklátur í hjarta sínu.

Þá mælti konungurinn til þess fimta: Hvers óskar þú? Og hann mælti Eg óska, að eg mætti reisa þér höll, herra konungur, því að eg skyldi gjöra hana fegurri en nokra af höllum þeim, sem þú átt. Og konungurinn mælti: Far til fjárhirðis míns, fá hjá honum peninga og reis mér svo höllina. Og hann fór í glöðu skapi yfir því, að ósk hans hafði rætt.

En konungurinn mælti til þess sjötta: Hvers óskar þú? Og hann svaraði: Eg æski eptir vinnu, því sjá, kona mín og börn mín þola hungur og kulda. Og konungurinn mælti: Far til ráðsmanns míns, og hann skal fá þér jörð. Og hann fór, en tár hrundu af augum hans um leið.

En konungurinn hugsaði með sjálfum sér: Börn mannanna leita öll launa, og þau skulu fá þau, en hvenær ætli eg finni þann, sem eg leita að. Og hann mælti til þess sjöunda: Hvers óskar þú? Og hann svaraði: Það stendur ekki í valdi þínu, herra konungur, að veita mér

bæn mína, því að eg óska þess að deyja. En konungurinn mælti: Því óskar þú þér þess að deyja? Þá tók hann til máls og sagði: Eg óskaði þess í hjarta mínu, að eg gæti verið mönnum tíð gagns, og elskað þá, en þeir hrundu mér frá sér, og þurftu mín ekki, og nú veit eg ekki, livað eg á til bragðs að taka. Þessvegna æski eg þess, að dauðinn tæki mig samstundis.

Þá varð konungurinn frá sér numinn af fögnuði, og mælti: Kom að hjarta mínu, sonur minn, því að þú skalt verða konungur eptir mig. Og hann lét klæða hann í tignarbúning, og dró hring á hönd honum, og gjörði hann að eptirmanni sínum.

Og eg segi yður: Hver yðar, sem elskar nokkuð í þessum heimi meir en að gjöra náunga sínum gagn, hann skal ekki verða nefndur sonur föður míns, sem er á himnum.



PRENTVILLUR

- Bls. 23₁₄ eitthvað á að vera eitthvert
— 46₇ leyti á að vera leíti
— 55₁ honum, á að vera honum
— 93₁₁ Jesús á að vera Jesúm

Pýð. tvöfaldaði hvergi samhljóðanda á undan samhljóðanda; á nokkrum stöðum hefur þess ekki verið gætt, en er samt ekki leiðrjett hjer.



